



Símenntun
á Vesturlandi

ársskýrsla 2024

FAGMENNSKA - FRAMSÆKNI - SVEIGJANLEIKI

Ársskýrsla Símenntunar á Vesturlandi 2024

Ritstjóri: Björgvin Þór Þórhallsson, verkefnastjóri

Ábyrgðarmaður: Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunar

Umbrot og uppsetning: Nýprent ehf.

Starfsfólk Símenntunar eru höfundar efnis.

Myndir fengnar héraðan og þaðan úr starfinu.

www.simenntun.is

Efnisyfirlit

Formannspistill	4
Um Símenntun á Vesturlandi	6
Afmæli Símenntunar	7
Um Símenntun	9
Markaðsáherslur og kynningarstarf 2024	12
Starfsemin í tölum	13
Samstarfsaðilar	19
Verkefni Símenntunar á Vesturlandi	22
Nám og þjónusta fyrir flóttafólk	25
Raunfærnimat	25
Nám og námskeiðahald	28
Mat símentunar	32
Færniþjálfun á vinnumarkaði	33
Fjölmennning	35
Fyrirtækjþjónusta	39
Viðtal - Steinunn Pálsdóttir	41
Viðtal - Þórheiður Elín Sigurðardóttir	43
Viðtal - Ásgeir Sigurðsson	47
Viðtal - Heiðís Rós Svavarsdóttir	48
Samstarfsverkefni – innlend og erlend	51
Samtök í fullorðinsfræðslu	53
Úr ýmsum áttum	54
Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?	55
Frá framkvæmdastjóra	56

Formannspistill

„Menntun er ekki undirbúningur fyrir lífið; menntun er lífið sjálft.“

- John Dewey

Mikilvægi símenntunar eða lífslangs náms (e. lifelong learning) verður ekki ofmetið. Það hjálpar fólki að aðlagast breytilegum vinnumarkaði, þróa nýja hæfileika og vera virkt í sífellt flóknari heimi. Símenntun þýðir stöðuga leit að þekkingu og ræktun hæfileika alla ævi einstaklings. Hún er ekki bundin við formlegt nám heldur felur í sér ýmsa námsreynslu, svo sem sjálfstýrt nám, þjálfun á vinnustað og persónulegar vaxtarathafnir. Símenntun stuðlar að persónulegum vexti, víkkar sjóndeildarhringinn og eykur getu til að leggja fullt af mörkum til samfélagsins.

Dæmi um símenntun er að taka þátt í endurmenntunarnámskeiðum, sækja vinnustofur eðaráðstefnur, læra nýtt tungumál eða taka upp nýtt áhugamál. Ólíkt formlegu námi, sem er venjulega bundið við ákveðna aldurshópa og stofnanir, getur símenntun átt sér stað í ýmsum aðstæðum, svo sem á vinnustað, í samfélagsmiðstöðvum eða á netinu. Símenntun hvetur til forvitni og nýsköpunar og leiðir til almennrar velliðunar og ánægju á ýmsum sviðum lífsins.

Með því að halda áfram að spyrja spurninga þróum við með okkur gagnrýna hugsun og getu til að takast á við nýjar áskoranir og breytingar í heiminum. Þetta er grundvallaratriði fyrir persónulegan vöxt og framfarir samfélagsins í heild því forvitni allt lífið og vilji til að langa alltaf að læra meira og vita meira er afar nauðsynlegur. Þannig er símenntun hugsuð, að gefa fólki tækifæri til að bæta við sig menntun alla ævi eða að læra og þróast stöðugt í



Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.

gegnum allt lífið, ekki aðeins í formlegu skólanámi heldur einnig í daglegu lífi og starfi.

Símenntun hjálpar okkur að halda huganum virkum, aðlagast breytingum og nýjungum og bæta persónulega og faglega hæfni okkar. Hún getur einnig aukið sjálfstraust og ánægju með lífið, þar sem við finnum fyrir stöðugum framförum og nýjum tækifærum. Þegar ég var yngri hélt ég í einfeldni minni að eftir að hafa lokið formlegu námi og útskrifast þyrfti ég ekki að læra neitt meira en þvílík reginfirra að halda að ég gæti lokið námi.

Þetta var eins og John Dewey sagði „Menntun er ekki undirbúningur fyrir lífið; menntun er lífið sjálft.“ Þannig að eftir útskrift langaði mig að læra meira og fá fleiri spurningum svarað. Hlutverk Símenntunar er að svara menntunarpörf íbúa á Vesturlandi og hvetja til símenntunar í samvinnu við atvinnulíf og íbúa svæðisins. Ég get fullyrt að Símenntun á Vesturlandi hefur staðið sig vel í framboði á alls konar námi sem nýtist fólki sem endurmenntun vegna atvinnu eða til að auka lífsgleði og andlegan þroska.

Ég vil, fyrir hönd stjórnar Símenntunar, þakka fyrir samstarfið á liðnu ári. Ég hef mikla trú á framtíð Símenntunar og er viss um að þörf fyrir þá þjónustu sem Símenntun veitir muni bara aukast á komandi árum. Ég vil því þakka Guðrúnu Völu Elísdóttur framkvæmdastjóra Símenntunar og starfsfólki hennar fyrir vel unnin störf og hvet þau til áframhaldandi þróunarstarfs á sviði Símenntunar.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir,
Skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga
og formaður stjórnar Símenntunar á Vesturlandi.



Um Símenntun á Vesturlandi

Stjórn

Í stjórn Símenntunar á Vesturlandi sitja fimm aðalmenn og fimm til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og var ný stjórn kosin á aðalfundi 2024.

Aðalfulltrúar:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Anna Jóna Kristjánsdóttir, Háskólinn á Bifröst
Jóhanna María Sigmundsdóttir, Dalabyggð
Vignir Smári Mariasson, Verkalýðsfélag Snæfellinga
Kjartan Kjartansson, Hjúkrunarheimilið Höfði

Varafultrúar:

Bragi Þór Svavarsson, Menntaskóli Borgarfjarðar
Áshildur Bragadóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands
Hlöðver Ingi Gunnarsson, Borgarbyggð
Kristín Kristjánsdóttir, Stéttarfélag Vesturlands
Alexander Kristinsson, Sjávariðjan

Stjórn hélt alls fimm fundi á árinu og fjallaði m.a. um starfsáætlun, fjárhagsáætlun og ársreikninga fyrir árið 2023. Á fundunum var einnig farið yfir rekstur, stöðu verkefna og margar hugmyndir ræddar en allar fundargerðir er að finna á heimasíðu Símenntunar.

Aðalfundur 2024

Aðalfundur Símenntunar var haldinn miðvikudaginn 20. mars. Líkt og áður var aðalfundurinn haldinn sameiginlega með öðrum stofnunum á Vesturlandi. Á fundinum var farið yfir ársskýrsluna fyrir árið 2023 og endurskoðaðan ársreikning.

Starfsfólk

Hjá Símenntun á Vesturlandi störfuðu sjö starfsmenn á árinu 2024. Stöðugildi voru 5,12.

Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri og náms- og starfsráðgjafi 100%
Ívar Örn Reynisson, verkefnastjóri 100%
Jovana Pavlovic, fjölmenningarfulltrúi og verkefnastjóri 100%
Hekla Gunnarsdóttir, verkefnastjóri 100%
Sigurgeir Viktorsson, bókarí 25%
Steinar Sigurjónsson, náms- og starfsráðgjafi 100% (lét af störfum 30. september).
Sunna Rós Þorsteinsdóttir, aðalræstítæknir 15%



F.v. Jovana, Steinar, Guðrún Vala, Hekla og Ívar. Á myndina vantar Sigurgeir og Sunnu.

Afmæli Símenntunar

Símenntun fagnaði 25 ára afmæli sínu þann 5. september s.l., með veglegu afmælishaldi á Smiðjuvöllum, Akranesi. Stofnunin hóf starfsemi þann 19. febrúar 1999 af 34 aðilum; sveitarfélögum, fyrirtækjum og stofnunum á Vesturlandi. Því var ákveðið að gleðjast af þessu tilefni. Formlega var boðið til afmælisins og voru ýmsar kræsingar frá Roð veitingum bornar fram. Um það bil 50 manns sóttu afmæli Símenntunar, þar á meðal samstarfsaðilar, fyrrum starfsmenn og ráðherra.

Ávörp fluttu Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri, Björg Árnadóttir og Inga Sigurðardóttir, fyrrverandi framkvæmdastjórar Símenntunar og loks

Guðmundur Ingi Guðbrandsson þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Fyrir afmælið hafði Guðrún Vala framkvæmdastjóri fengið gervigreindina til aðstoðar við að semja "Símenntunarlagið" og hafði svo samband við Ágúst Bernhardsson, trúbador, til þess að útfæra lagið. Hér er brot úr textanum:

„Hjá Símenntun þar sem vöxtur byrjar,
sveigjanleiki innan vængjanna,
framsækin skref, fagmannlegar hendur,
við leiðum þig í gegnum þessi lönd“.



F.v. Guðrún Vala núverandi framkvæmdastjóri, Björg Árnadóttir fyrsti framkvæmdastjóri Símenntunar og Inga Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri á árunum 2001-2006.



Veisluborðin svignuðu.



Brugðið á leik.



Ágúst Bernhardsson, trúbador.



Afmælisgestir hlusta á afmælislagið.



Ráðherra í ræðustól.

Um Símenntun

Á síðustu árum hafa ýmsar breytingar átt sér stað í starfsemi Símenntunar á Vesturlandi. Merki stofnunarinnar var endurnýjað og nafninu breytt úr Símenntunarmiðstöð Vesturlands í Símenntun á Vesturlandi. Síðustu ár var markaðsstarf aukið í þeim tilgangi að auka sýnileika, meðal annars með ýmsu kynningarefni auk merkinga á húsnæði og bíl. Símenntun hefur ávallt haft það að markmiði að efla og styrkja íslenskt samfélag og atvinnulíf með endur- og símenntun sem miðast við þarfir atvinnulífsins og einstaklinga. Í stefnumótunarvinnu síðustu ára voru valin þrjú lykilgildi sem liggja til grundvallar öllu starfi stofnunarinnar; sveigjanleiki, fagmennska og framsækni. Í síbreytilegum heimi þar sem tækniframfarir eru örur skiptir þessi nálgun miklu máli til að halda áfram að ná árangri.

Aðalmarkhópur Símenntunar er fullorðið fólk sem hefur ekki lokið formlegri menntun. Framboð Símenntunar á fræðslu er fjölbreytt og nær til markhópsins auk margra annarra hópa samfélagsins. Starfsemi Símenntunar gerir henni kleift að takast á við áskoranir framtíðarinnar og mæta þörfum ólíkra hópa í síbreytilegu samfélagi, með fjölbreyttu námskeiðahaldi, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati og öðrum innlendum og erlendum verkefnum.

Verktakar

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu tæplega sjötíu verktakar hjá Símenntun á árinu, við kennslu, ráðgjöf og önnur verkefni. Stór hluti af starfseminni byggir á vinnu verktaka, þeir kenna á námskeiðum og í lengri námsleiðum, vinna við ráðgjöf, eru matsaðilar í raunfærnimati og sjá um verkefnastjórnun og þróunarverkefni.

Starfsstöðvar

Símenntun starfrækir tvær starfsstöðvar, á Akranesi og í Borgarnesi. Húsnæðið á Akranesi er á Smiðjuvöllum 28, á sama stað og Vinnumálastofnun og Starfsendurhæfing Vesturlands en báðar stofnanir eru mikilvægir samstarfsaðilar Símenntunar. Staðsetningin er því mjög hentug fyrir starfsemina auk þess sem rýminu fylgir kennslustofa til afnota. Það skiptir miklu máli að hafa stöðugt aðgengi að kennsluáðstöðu fyrir námskeið og próftökur. Á Smiðjuvöllum eru tvær skrifstofur, rúmgóð kennslustofa, viðtalsherbergi, tvö salerni og eldhúskrókur og er allt hannað í takt við þarfir Símenntunar. Húsnæðið á Akranesi er leigt af Línuvélum ehf.

Í Borgarnesi leigir Símenntun kennslustofu og skrifstofurými að Bjarnarbraut 8 af félaginu Ben og félagar ehf. Þar er rúmgóð kennslustofa og skrifstofur.

Símenntun starfsfólks og fyrirtækjaheimsóknir

Símenntun á Vesturlandi sótti á árinu um svokallað accreditation eða viðurkenningu fyrir stofnunina hjá Erasmus+. Viðurkenningin var samþykkt og hún auðveldar Símenntun að sækja um alla styrki á vegum Erasmus+. Í kjölfarið var sótt um styrk til starfsþróunar starfsfólks. Sú umsókn var einnig samþykkt og var því hafist handa við að skoða námskeið í Evrópusambandsríkjum sem hentað gætu starfsfólkinu.

Gervigreind í Malaga

Tvær námsferðir voru farnar á árinu. Sú fyrri var á námskeið í notkun gervigreindar hjá iDevelop í Malaga í ágúst. Námskeiðið passaði ekki nægjanlega vel fyrir starfsfólk Símenntunar, en kveikti þó neista og áhuga á að kanna þessar lendum enn frekar. Starfsfólki Símenntunar þykir ljóst að gervigreind getur hjálpað mikið til í störfum þess, sparað tíma og aukið þannig afköst. Eftir því sem árin líða verður notkun gervigreindar meiri og markvissari og mun Símenntun halda áfram að fylgjast með og taka þátt í þeirri þróun.



Starfsfólk Símenntunar taka við viðurkenningarskjali.

Stofnanaheimsóknir í Kaupmannahöfn

Seinni starfsþróunarferðin á árinu var til Kaupmannahafnar í nóvember. Þar voru ýmsar stofnanir á sviði fullorðinsfræðslu heimsóttar, rætt var við starfsfólk og stjórnendur, fengnar kynningar á starfsemi stofnana, t.d. var fylgst með kennslu hjá KISS (Københavns Intensiv Sprog Skole) og rætt við nemendur og kennara þar. Í ferðinni var mikil áhersla lögð á fullorðinsfræðslu fólks af erlendum uppruna, en einnig voru heimsótt regnhlífarsamtök í fullorðinsfræðslu, menntaskóli, stofnun sem annast nám fyrir fatlaða og almennar símenntunarstöðvar.



Í Köben, Kóingsins Kaupinhafn.

NAEL ráðstefna í Reykjavík

Í lok maí fór starfsfólk Símenntunar á ráðstefnu NAEL í Reykjavík. NAEL stendur fyrir The Nordic conference on adult education and learning og á tveggja ára fresti er haldin ráðstefna á einhverju Norðurlandanna. Hún er skipulögð af norrænu neti fræðimanna á sviði fullorðinsfræðslu. Markmið ráðstefnunnar er að vera vettvangur fyrir kynningu á rannsóknum á sviðinu. Hún er ætluð bæði fræðimönnum á Norðurlöndum og fræðimönnum frá öðrum heimshlutum, starfandi fagfólki og stefnumótendum í fullorðinsfræðslu. Á ráðstefnunni voru mörg áhugaverð erindi, t.d. hvað varðar tungumálakennslu og -þjálfun á vinnustöðum, niðurstöður úr rannsókn á tungumálakennslu á Íslandi, kennslufræði fullorðinsfræðslu og margt fleira áhugavert.



Starfsfólk Símenntunar á góðri stund í Malaga.

Ársfundur Símenntar á Ísafirði

Ársfundur Símenntar, Samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, var haldinn í september undir styrkri stjórn heimafélks á Ísafirði. Þar var meðal annars rætt um markaðsmál, endurskoðun laga, íslenskukennslu og gervigreind svo eitthvað sé nefnt. Auk þess funduðu framkvæmdastjórar um ýmis hagsmunatengd málefni eins og venjan er.



Frá ársfundi Símenntar.

Markaðsáherslur og kynningarstarf 2024

Hugmyndavinna og stefnumótun

Starfsfólk Símenntunar á Vesturlandi vann ötult og markvisst að markaðsstarfi á árinu. Markaðsmál voru reglulega til umfjöllunar og markaðsstjóri lagði áherslu á aukinn sýnileika og langtímaárangur í kynningarstarfi stofnunarinnar. Með því náðist góður árangur, stofnunin er orðin sýnilegri og hlutur stafrænnar markaðssetningar hefur verið eflur til muna.

Stafræn markaðssetning

Mikil áhersla var lögð á að efla stafræna markaðssetningu. Fjölbreyttar auglýsingaleiðir voru prófaðar til að tryggja betri sýnileika á samfélagsmiðlum. Fjölmenningsfærnisámskeið, íslenskunámskeið, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf, voru t.d. markvisst auglýst í gegnum keyptar Facebook-herferðir. Einnig var farið í sérstakt kynningarátak til að vekja athygli á starfsemi stofnunarinnar og minna á þjónustuna á Vesturlandi. Þá var ýmsu prentefni dreift víða um Borgarnes, Akranes og á Snæfellsnesi. Þessi áhersla á aukinn sýnileika stofnunarinnar hefur skilað sér smátt og smátt og eftirspurn eftir þjónustu hefur aukist.

Ýmis nýmæli

Öll auglýsingagerð var endurskoðuð, sérstaklega þó fyrir íslenskunámskeiðin. Breytingarnar fólu í sér að námskeiðin voru auglýst með áherslu á íslenska náttúru. Markviss auglýsingaherferð fyrir námskeiðin var sett af stað á netinu og á öllu Vesturlandi. Heimasíðan var uppfærð svo hún yrði aðgengilegri og námskeiðin sýnilegri. Myndir af verkefnastjórum og betri upplýsingar um tengiliði var bætt við auglýsingarnar. Einnig voru hönnuð nafnspjöld fyrir starfsfólk. Mikil áhersla var lögð á að markaðssetja þróunarverkefni Símenntunar, Fjölmenningskóla Vesturlands. Gert var merki fyrir verkefnið og í kjölfarið var gerður bæklingur sem er bæði aðgengilegur rafrænt og hægt að fá hann útprentaðan. Sérstök áhersla var jafnframt lögð á markaðssetningu til að virkja fólk á Vesturlandi til að huga að fjölmenningsmálum.

Varðveisla gagna

Skipulag og varðveisla skjala og annarra gagna er í sífelldri vinnslu og tekur mið af gæðaviðmiðum EQM+ (e. European Quality Management) sem var vottað hjá Símenntun undir lok árs 2023). Símenntun hefur sameiginlega vinnuvefgátt þar sem starfsfólk hefur aðgengi að gögnum til vinnslu og vistunar. Vefgáttin er tengd Teams og Planner, áður Office 365 en nú Microsoft 365. Unnið er að því að setja gæðahandbók Símenntunar á veflægt form, þannig að allar upplýsingar séu aðgengilegri og starfsfólk meðvitaðra um öll gæðaviðmið í daglegu starfi. Ennfremur má finna úrbótaáætlun á heimasíðu Símenntunar.

Kennslu- og nemendabókhalddskerfi

INNA

Allar fræðslumiðstöðvarnar innan Símenntar eru með kennslu og nemendabókhalddskerfið INNU, en þetta kerfi er einnig í öllum framhaldsskólum landsins. Þær vottuðu námsleiðir sem eru kenndar hjá Símenntun, niðurstöður úr viðtölum hjá náms- og starfsráðgjafa og niðurstöður raunfærnimats eru skráðar í INNU. Önnur námskeið svo sem nám fyrir fólk með fötlun, íslenskunámskeið o.fl. eru jafnframt skráð í INNU til þess að auðvelda yfirsýn og samantekt á fræðslustarfi Símenntunar.

Starfsemin í tölum

Reksturinn


Símenntun á Vesturlandi er óhagnaðardrífinn stofnun (e. non-profit). Hún er á fjárlögum skv. samningi, auk þess sem verkefnatengt rekstrarfé kemur frá Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar. Þetta tvennt er ríflega helmingur rekstrartekna eða um 57% á árinu og er svipað og undanfarin ár. Til styrkja telst fjármagn sem kemur frá Fjölmenn – símenntunar og þekkingarmiðstöð fyrir fólki með fötlun, framlag til íslensku fyrir útlendinga auk tekna vegna erlendra verkefna. Á árinu komu inn aðrar tekjur þ.e. vegna sérverkefna nánar tiltekið vegna fræðslugreininga, fræðslustjóraverkefna, verkefni styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála og Sóknaráætlun, ráðgjafaverkefni fyrir ríkisstarmenn, auk námskeiðahalds fyrir atvinnulífið og almenning.



Tekjur



Útgjöld



Skipting tekjuliða 2022-2024



Tölfræði úr starfinu

Á árinu 2024 hélt Símenntun tæplega eitt hundrað námskeið víða um Vesturland. Námskeiðin sem haldin voru árið 2024 voru mörg hver lengri, í klukkustundum talið, en þau sem voru árið áður. Það skýrir að þótt að þátttakendur á námskeiðum árið 2024 væru færri en árið áður þá fjölga kennslustundum og nemendastundum milli ára.




Eins og sést á myndinni hér að ofan þá fjölga kennslustundum hjá Símenntun um tæplega 700 frá árinu 2023. En þótt þetta virðist mikil aukning liðinna ára verður að taka það með í reikninginn að Covid faraldurinn hafði mikil áhrif og síðustu tvö ár hefur starfsemin verið að komast í svipað horf og var fyrir faraldurinn.




Hérna sést vel hvað Covid hafði mikil áhrif.

Fjöldi kennslustunda og nemendastunda eykst talsvert milli ára. Það er jákvæð þróun og hvatning til að halda áfram á sömu braut.



Kynjahlutfall þátttakenda á námskeiðum og námsleiðum hjá Símenntun breytist ekki mikið en konur eru tæplega tveir þriðju þeirra sem sækja námskeið.



Samstarfsaðilar

Formlegir samstarfsaðilar

Símenntun á Vesturlandi starfar samkvæmt þjónustusamningum við *félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fjölmenn - símenntunar- og þekkingarmiðstöð vegna náms fyrir fólk með fötlun og Sveitamennt*, vegna Velferðarskóla Vesturlands. Einnig Ríkismennt vegna náms- og starfsráðgjafar fyrir starfsfólk ríkisstofnana á Vesturlandi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Frá árinu 2021 hefur Símenntun starfað samkvæmt þjónustusamningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Í samningnum kemur fram að Símenntun skuli vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna. Námsþjónustan, sem skilgreind er í lögum um framhaldsfræðslu, skal veitt og þróuð í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Enn fremur kemur fram að Símenntun skuli bjóða upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Vesturlandi vegna framhaldsfræðslu og veita nemendum á öðrum skólastigum þá þjónustu eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Viðurkenning fræðsluaðila

Í nóvember fékk Símenntun endurnýjun á viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Félags- og vinnumarkaðsráðherra fól mennta- og barnamálaráðuneytinu að annast viðurkenningar fræðsluaðila í framhaldsfræðslu. Mennta- og barnamálaráðuneytið mat umsókn og önnur framlögð gögn um starfsemi Símenntunar á Vesturlandi út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og taldi fræðsluaðilann uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu. Á grundvelli þess var Símenntun á Vesturlandi, veitt viðurkenning til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. Gildistími viðurkenningar er tímabilið 5. desember 2024 – 5. desember 2027.

Hér má sjá lista yfir viðurkennda fræðsluaðila:

[Stjórnarráðið / Listi yfir viðurkennda fræðsluaðila](#)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er í eigu ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og er samstarfsvettvangur og verkfærasmiðja í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína og að þróa aðferðir og verkfæri fyrir samstarfsaðila sína.

Allir samstarfsaðilar FA eru viðurkenndir fræðsluaðilar skv. lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Þeir hafa allir hlotið [EQM/EQM+ gæðavottun](#).

Hér er vefsíða FA: www.frae.is

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var stofnaður með setningu framhaldsfræðslulaga og er á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hlutverk hans er m.a. að stuðla að viðeigandi námstækifærum fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér þannig námstækifæri. Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs skiptast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntun sótti um fjármagn til sjóðsins í vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunar 2023 og 2024

Umsóknir Símenntunar	Úthlutað 2023	Úthlutað 2024
Vottaðar námsleiðir	27.036.000	25.250.000
Náms- og starfsráðgjöf	10.272.000	11.075.000
Raunfærnimat	9.293.000	11.497.000

Ársskýrslu Fræðslusjóðs og upplýsingar um úthlutanir hans til allra símenntunarmiðstöðva má nálgast hér: <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn-um-starfsemi/>

Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs

Hlutverk Fræðslusjóðs er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd er á vegum Fræðslusjóðs sem metur umsóknir og ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Símenntun hefur hlotið styrki úr þessum sjóði, síðast 2019 vegna verkefnis um einstaklingsmiðaða íslenskukennslu í dreifðum byggðum.

Upplýsingar um úthlutanir og úthlutunarreglur má nálgast hér:

<https://frae.is/fraedslusjodur/nyskopunar-og-throunarverkefni/>

Samningur við Ríkismennt

Í kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambandsins frá 2019, var gerð eftirfarandi bókun sem er enn í gildi:

Samningsaðilar eru sammála um að hrinda þurfi af stað átaki til hvatningar til náms og starfsþróunar hjá félagsmönnum SGS sem starfa á stofnunum ríkisins. Ríkismennt, þróunar og símenntunarsjóður mun hafa veg og vanda af þessu verkefni, t.d með því að styrkja stofnanir í þessari vegferð og með tímabundinni fjármögnun til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum landsins. Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva myndu bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og kynna fyrir starfsmönnum þá kosti sem í boði eru.

Árið 2021 var undirritaður samningur milli Ríkismenntar og Símenntunar á Vesturlandi sem byggir á þessari bókun. Flestir starfsmenn sem heyra undir þennan samning starfa á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Vegagerðinni. Samningurinn var endurnýjaður, vinna samkvæmt honum hófst árið 2023 og hélt áfram árið 2024.

Samningur við Fjölmennt

Símenntun og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð hafa undanfarin ár gert með sér þjónustusamning um námskeið fyrir fólk með fötlun. Samningur er gerður fyrir eitt ár í senn og er kveðið á um að Símenntun skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

Samningur við Sveitamennt

Símenntun og Sveitamennt hafa gert með sér samning um starfstengda símenntun. Sveitamennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands. Á Vesturlandi eru það Verkalýðsfélag Akraness, Stéttarfélag Vesturlands og Verkalýðsfélag Snæfellinga. Markmið samningsins er að veita aðilum Sveitamenntar aðgang að námskeiðum á vegum Símenntunar og Sveitamennt greiðir fyrir þátttöku þeirra að fullu.

Verkefni Símenntunar á Vesturlandi

Náms- og starfsráðgjöf

Símenntun á Vesturlandi hefur boðið fullorðnum einstaklingum upp á náms- og starfsráðgjöf frá árinu 2006. Í gegnum tíðina hefur umfang ráðgjafarinnar styrkst og aukist jafnt og þétt. Ávallt hefur verið lögð áhersla á gagnreynda og hlutlausa ráðgjöf sem beinist einna helst að markhópi Símenntunar; fullorðnum einstaklingum með litla formlega menntun að baki skv. skilgreiningu laga um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010). Lögð hefur verið áhersla á að kynna þjónustuna vel og ná til markhópsins; fræða hann um hvað stendur til boða þannig að sem flestir sjái sér hag í að nýta sér þjónustuna.

Helstu markmið náms- og starfsráðgjafar eru að efla sjálfspekkingu og vitund einstaklinga, aðstoða þá við að bera kennsl á og virkja styrkleika sína út frá áhugasviði og gildum, hjálpa þeim að takast á við breytingar eða hindranir á starfsferli og taka ígrundaðar ákvarðanir varðandi eigin náms- og starfsferil. Liður í ráðgjöfinni er að tengja áhuga við tiltekið nám eða starf, halda utan um og veita stuðning í raunfærnimati, leiðbeina og ráðleggja um atriði er varða færnimöppu, ferilskrágerð og atvinnuleit, veita persónulega handleiðslu um atriði er varða nám og störf, veita eftirfylgni o.fl. Þá felst starf náms- og starfsráðgjafa einnig í því að hafa samskipti við ólíka samstarfsaðila, halda utan um skráningar viðtala og niðurstöður raunfærnimats.

Nemendum sem sækja lengri námskeið og námsleiðir hjá Símenntun stendur til boða að bóka tíma í ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum Símenntunar. Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf er án undantekninga þarfir ráðþega, því án þeirra væri engin ráðgjöf. Leitast er við að mæta ráðþegum á þeirra forsendum og því mikilvægt að átta sig á fjölbreytileika þeirra, vera meðvitaður um menningarmun, ásamt því að hafa heildræna sýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Þrátt fyrir að ráðþegar tilheyri markhópi eru þeir almennt ólíkir einstaklingar og stundum er ráðgjöfin úrræði þegar þeir sjá fram á einhverjar breytingar í lífi sínu, eins og t.d. atvinnumissi eða heilsubrest. Hins vegar er ráðgjöfin ekki síður kostur til að staldra við, skoða eigin stöðu og velta fyrir sér náms- eða starfsþróun. Fjöldmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði til þess að fólk fari t.d. í raunfærnimat, nám, ljúki námi, finni starf við hæfi, breyti um stefnu á starfsferli o.s.frv.

Náms- og starfsráðgjöf fer að mestu leyti fram á starfsstöðvum Símenntunar og á vinnustöðum og stofnunum á Vesturlandi. Þá hefur rafræn ráðgjöf einnig staðið ráðþegum til boða og hefur henni verið beitt með markvissum hætti; til að ná til fleiri aðila á svæðinu, auka þjónustuna og til að koma betur til móts við þarfir ráðþega á Vesturlandi. Kostir rafrænnar ráðgjafar eru að aðgengi er óháð búsetu og þá getur einnig sparast bæði tími og kostnaður. Gallarnir geta birst í því að ráðgjafarsambandið verður ekki eins náð og erfiðara getur reynst að skapa traust. Eins getur rafræn ráðgjöf reynst flókin fyrir þá sem eru minna tæknivæddir. Fjöldi rafrænna ráðgjafaviðtala hefur aukist jafnt og þétt með árunum og þrátt fyrir að ætla mætti að flestir sem eiga þess kost myndu kjósa að að hitta ráðgjafa í eigin persónu, þá voru rafræn viðtöl alls 51% af heildarfjölda viðtala á árinu.

Símenntun hefur alltaf lagt mikið upp úr góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og almennt hafa þau séð sér hag í því að vera í samstarfi. Dæmi um mikilvæga samstarfsaðila Símenntunar

þegar kemur að ráðgjöf eru: Vinnumálastofnun á Vesturlandi, VIRK, stéttarfélög, Starfsendurhæfingu Vesturlands og deildir Rauða krossins á Vesturlandi.

Einstaklingar af erlendum uppruna eru stór hluti af markhóp Símenntunar sem hefur í gegnum tíðina verið leiðandi í að nálgast þennan hóp fólks. Hlutfall þeirra af heildarfjölda ráðþega hefur aukist jafnt og þétt. Náms- og starfsráðgjöf getur reynst þeim gagnleg við margt s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um nám og störf, mat á reynslu, áhuga, færni og menntun sem getur verið hvati til frekari starfsþróunar og tækifæri í nýju landi. Í vinnu með einstaklingum af erlendum uppruna er hugað vel að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu og færni. Í því skyni er t.d. athugað hvort þessir einstaklingar geti fengið fyrra nám og starfsréttindi metin og staðfest hér á landi. Einnig geta þeir fengið einstaklingsbundna aðstoð við gerð færnimöppu, ferilskrár og aðstoð við gerð kynningarbréfa og umsókna, svo eitthvað sé nefnt. 41% ráðþega á árinu voru af erlendum uppruna.



Náms- og starfsráðgjöf - tölfræði

Heildarfjöldi viðtala	2024
Símenntun á Vesturlandi	613

Kyn	2024
Karl	277
Kona	336
Alls	613

Menntunarstig	2024
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	419
Grunnskóli	106
Háskólapróf	13
Iðnmenntun	23
Starfsmenntun - minna en tvö ár	14
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	19
Stúdentspróf	19
ALLS	613

Aldursbil	2024
25 ára og yngri	56
26 - 35 ára	224
36 - 45 ára	124
46 - 55 ára	12
56 ára og eldri	8
ALLS	613

Viðtalstegund	2024
Hópráðgjöf	63
Hvatningarviðtal	69
Ráðgjafarviðtal	481
ALLS	613

Staða á vinnumarkaði	2024
Annað	29
Atvinnuleitandi	312
Hlutastarf og hlutabætur	4
Í námi	2
Í starfi	243
Starfsendurhæfing	20
Öryrki	3
ALLS	613

Ástæða viðtals	2024
Að eigin frumkvæði	238
Boðun í viðtal vegna VMST	177
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	93
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	14
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	25
Skimun í raunfærnimat	16
Stuðningur í matssamtali	46
Tilvísun frá VIRK	
Endurhæfingarsjóði	4
ALLS	613

Ríkisfang	2022
Ísland	367
Úkraína	114
Pólland	59
Aðrar þjóðir	73
ALLS	613

Hjá Símenntun á Vesturlandi má panta ráðgjafaviðtal við náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Símenntunar, með tölvupósti eða hringja og óska eftir viðtali og ráðgjöf.

Nám og þjónusta fyrir flóttafólk

Borgarbyggð hefur tekið á móti fólki á flóttu í búsetuúrræði á Bifröst og var Símenntun frá upphafi aðili að verkefninu. Samningur var gerður við Borgarbyggð um náms- og starfsráðgjöf fyrir fólkið og aðstoð við atvinnuleit. Samningurinn var ekki endurnýjaður á árinu enda voru forsendur breyttar. Símenntun hefur samt sem áður komið að náms- og starfsráðgjöf fyrir þennan hóp, annast íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir hópinn í samstarfi við Vinnumálastofnun og boðið var upp á námskeið í íslensku skattaumhverfi. Á Akranesi hefur líka verið boðið upp á námskeið fyrir flóttafólk. Áhersla er lögð á íslensku og námsleiðina “Íslenska og atvinnulíf” sem er hluti af námskránni “Íslensk menning og samfélag”.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir fólki úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem það hefur öðlast í starfi metið til eininga. Raunfærnimatið getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein til þess að öðlast starfsréttindi að því loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og þriggja ára starfsaldri. Samtals fóru 24 einstaklingar í raunfærnimat hjá Símenntun á Vesturlandi árið 2024. Símenntunarmiðstöðvarnar fá 18 mánuði til að vinna raunfærnimatsverkefnið.

Raunfærnimat í verslun- fagpróf

Á árinu 2024 fóru 10 manns í raunfærnimat í verslunarfagprófi, 3 karlar og 7 konur. Meðaltal metinna eininga var 47 og meðalaldur þátttakenda 38. Matsaðili í verkefninu er Garðar Vilhjálmsson kennari og gæðastjóri í MK. Raunfærnimatið tekur mið af fagnámi í verslun og þjónustu við Verslunarskóla Íslands. [Fagprof-verslunar.pdf \(verslo.is\)](#)

Raunfærnimat í búfræði

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og er metið á móti námskrá í búfræði. Símenntun hefur umsjón með raunfærnimati í búfræði á landsvísu.

Á árinu 2024 fóru tveir einstaklingar í gegnum raunfærnimat í búfræði, ein kona og einn karl. Búfræðibrautin er samtals 135 einingar og var meðaltal metinna eininga á þátttakanda 10,5 einingar. Meðalaldur þátttakenda var 30 ár.

Matsaðilar í verkefninu eru Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sérfræðingur og kennari hjá LBHÍ, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir aðjúnt, Haukur Þórðarson og Jóhannes Kristjánsson báðir kennarar á framhaldsskólastigi. Hér má nálgast námskrá í búfræði:

https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=600008_20236&namskra=1&kennsluar=2023

Raunfærnimat í kerfisstjórnun

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Áður var þetta raunfærnimat í tækniþjónustu. Metið er út frá námsbrautinni kerfisstjórnun- grunnur og er ekki einingabært. Kerfisstjórar starfa við umsjón lítilla og stórra tölvukerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir. Á árinu 2024 fór einn einstaklingur í gegnum raunfærnimatið. Matsaðili er Guðjón Þór Hjaltalín.

Hér má nálgast upplýsingar um námsbrautina á vef NTV:

<https://ntv.is/namsleid/kerfisstjornun-grunnur-ein-onn/>

Hér má nálgast námskrá í tækniþjónustu:

<https://frae.is/wp-content/uploads/2022/01/Taeknithjonusta-1-utgafa-2016.pdf>

Raunfærnimat í þjónustugreinum

Raunfærnimatið skiptist í leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða og nær til ófaglærðra starfsmanna sem starfa í leikskólum, grunnskólum eða félagslegri þjónustu, t.d. við umönnun fatlaðra og aldraðra. Metið er út frá námskrám leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða. Á árinu 2024 fóru sjö einstaklingar í raunfærnimat í þjónustugreinum. Þrjár konur fóru í raunfærnimat félagsliða. Meðaltal metinna eininga var 84 og meðalaldur þátttakenda var 45 ár. Þrjár konur og einn karl fóru í raunfærnimat leikskólaliða. Meðaltal metinna eininga var 73,7 og meðalaldur þátttakenda var 29,5 ár.

Matsaðili er Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir.

Hér má nálgast námskrá leikskólaliða:

<https://namskra.is/programmes/1981672b-0ed3-4dda-86fb-d3043231caf1>

Hér má nálgast námskrá stuðningsfulltrúa:

<https://namskra.is/programmes/0c1bca5e-7ab7-4b9b-8846-81fdb916eb8d>

Hér má nálgast námskrá félagsliða:

<https://namskra.is/programmes/7fd4971c-70f9-4f95-83d1-c0a6d5f85c12>

Raunfærnimat í matartækni

Þetta raunfærnimat var nýtt hjá Símenntun á árinu. Raunfærnimat í matartækni er unnið í samstarfi við Menntaskóla Kópavogs, og er matsaðili Þuríður Helga Guðbrandsdóttir. Ein kona fór í raunfærnimat í matartækni og fékk 21 einingu metna. Hér má sjá matreiðslubraut í MK [Matreiðsla](#) / [Matvæðaskóli](#)

Raunfærnimat fyrir starfsfólk í íþróttahúsum og sundlaugum

Þetta raunfærnimat var nýtt hjá Símenntun á árinu og er metið út frá vottuðum námskrám Fræðslumiðstöðvarinnar, þ.e. [námskrá Sundlaugarvörður](#) og [námskrá Starf í íþróttahúsi](#). Þrír einstaklingar fóru í gegnum þetta mat, ein kona og tveir karlar.

Raunfærnimat - tölfræði 2024

Heiti raunfærnimats	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Fjöldi metinna eininga	Meðaltalsfjöldi eininga pr. þátttakanda	Meðalaldur
Verslunarfagpróf	10	7	3	471	47	38
Búfræði	2	1	1	21	10,5	30
Kerfisstjórn	1		1			30
Félagsliði	3	3		253	84	45
Leikskólaliði	4	3	1	295	73,7	29,5
Matartækni	1	1		21	21	33
Sundlaugarvörður og starf í íþróttahúsi	3	1	2			50
Samtals	24	16	8	1061	44,2	38

Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Slík námskeið eru haldin að meðaltali tvisvar á ári og er lögð áhersla á að allt starfsfólk Símenntunar fari á slíkt námskeið.

Nánari upplýsingar um raunfærnimat má nálgast hér:

<https://frae.is/raunfaernimat/>

Nám og námskeiðahald

Íslenski hæfniramminn um íslenska menntun

Megintilgangur hæfnirammans er tvíþættur;

- Auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands.
- Auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa.

Hæfniramminn getur einnig nýst almenningi sem tenging á milli óformlegs og formlegs náms, hafi slíkt nám verið sett á hæfniprep. Miðað er við að hægt sé að tengja allt nám sem hefur skilgreind námslok, óháð því hvar það fer fram, við hæfniprep rammans. Ramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má m.a. nota í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám.

Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniprep. Hækkandi þrep endurspeglar auknar hæfnikröfur sem eru skilgreindar í hæfniviðmiðum fyrir þekkingu, leikni og hæfni. Tveimur þrepum, 5. og 6., er skipt upp í 5.1 og 5.2 annars vegar og 6.1 og 6.2 hins vegar, í því skyni að draga fram ákveðinn eðlismun á námslokum innan þessara þrepa, t.d. kröfu um reynslu af rannsóknum.

Mest allt nám í framhaldsfræðslunni er á 1.-2. hæfniprepi.

Nánari upplýsingar um íslenska hæfnirammann má nálgast hér

<https://mms.is/um-islenskahaefnirammann>

Hæfnigreiningar starfa

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra. Hæfnikröfur starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknum störfum og hversu mikil hún þarf að vera. Niðurstöður hæfnigreininga má nýta með fjölbreyttum hætti svo sem við hönnun á námi til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í raunfærnimati, sem hvatningu til starfsþróunar og leiðarljós við gerð starfslýsinga og ráðningu starfsmanna.

Svokallaðir starfaprófilar byggja á þessum hæfnigreiningum, en starfaprófill dregur fram um hvaða starf er að ræða og hvaða hæfni þarf til að sinna því.

Upplýsingar um hæfnigreiningar má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/>

Upplýsingar um starfaprófila má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/starfaprofilar/>

Vottaðar námsleiðir sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út námskrár sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu. Þær eru vottaðar af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Nýrri námskrár byggja margar á svokallaðri hæfnigreiningu starfa eða starfaprófilum.

Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár. Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar

Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2024

Hér má sjá hvaða námskeið voru kennd eftir vottuðum námsleiðum á árinu:

Námskeið	Fjöldi þátttakenda	Konur	Karlar
Atvinnulíf og íslenska - Náms fyrir flóttamenn	15	5	10
FABLAB smiðja	10	2	8
Nám í stóriðju- framhaldsnám	15	1	14
Fagnám í umönnun fatlaðra	8	6	2
Skref til Sjálfshjálpar í lestri og ritun	5	5	0
Skref til Sjálfshjálpar í lestri og ritun	7	6	1
Samfélagstúlkun	8	7	1
Tölvugrunnur og sjálfsefning	10	5	5
Samtals	78	37	41

Nám fyrir fólk með fötlun

Símenntun á Vesturlandi og Fjölmenn - símenntunar- og þekkingarmiðstöð hafa undanfarin ár verið í samstarfi um nám fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi. Í þjónustusamningnum er kveðið á um að Símenntun skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.



Forsenda þess að vel takist til er góð og öflug samvinna við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu. Mikilvægt er einnig að benda á að fatlaðir einstaklingar sem njóta námskeiða þurfa að reiða fram hluta kostnaðar úr eigin vasa. Á flestum stöðum kemur sú upphæð frá vinnustöðum sem hafa náð að koma sér upp sjóðum, m.a. með sölu handverks.

Framboð námskeiða byggist á áhugakönnunum og hugmyndum á hverjum stað fyrir sig auk þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi. Töluverð reynsla er komin á samstarf Símenntunar og vinnustaða fatlaðra og ganga námskeiðin almennt hnökralaust fyrir sig.

Námskeið á vorönn

Þau námskeið sem voru kennd á önninni voru:

Heiti námskeiðs	Kenntustundir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi hópa	Staðsetning
Tónlist og tal	12	11	1	Fellsendi
Sund	15	8	1	Stykkishólmur
Tónlist	13,5	16	2	Akranes
Sveitanámskeið	6	21	2	Akranes
Kynfræðsla	4,5	6	1	Borgarnes
Íþróttir - golf og píla	8	18	2	Akranes
Íþróttir og hreyfing	12	12	1	Akranes
Hestanámskeið	6	5	1	Ólafsvík
Matreiðsla	12	4	1	Stykkishólmur
Handverks-námskeið	4,5	6	1	Ólafsvík

Sundurliðun þátttöku á vorönn 2024

Fjöldi/skráningar

	Heildarfjöldi þátttakenda	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi kennslustunda	Alls kennslustundir og þátttakendur
Akranes	67	25	39,5	630
Fellsendi	11	11	12	132
Borgarnes	5	5	4,5	22
Stykkishólmur	12	8	27	168
Ólafsvík	11	6	10,5	57
Alls	106	55	93,5	1009

Hér er fjöldi kennslustunda reiknaður sem fjöldi þeirra tíma sem hver þátttakandi fær.

Námskeið á haustönn

Þau námskeið sem voru kennd á haustönn voru:

Heiti námskeiðs	Kennslustundir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi hópa	Staðsetning
Tónlist og tal	12	10	1	Fellsendi
Sund	10	9	1	Stykkishólmur
Tónlist	13,5	18	1	Akranes
Dans	4	5	1	Ólafsvík
Íþróttir	9	5	1	Ólafsvík
Íþróttir - golf og píla	12	15	2	Akranes
Sjálfsstyrking	12	6	1	Borgarnes
Matreiðsla 1	8	5	1	Fellsendi
Matreiðsla 2	8	5	1	Fellsendi
Sumarnámskeið 1	12	8	1	Borgarnes
Sumarnámskeið 2	12	8	1	Borgarnes
Sumarnámskeið 3	12	6	1	Borgarnes

Sundurliðun þátttöku á haustönn 2024

Fjöldi/skráningar

	Heildarfjöldi þátttakenda	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi kennslustunda	Alls kennslustundir og þátttakendur
Akranes	33	20	25,5	333
Fellsendi	20	15	28	200
Borgarnes	28	12	48	336
Stykkishólmur	9	9	10	90
Ólafsvík	10	5	13	65
Alls	100	61	124,5	1.024

Hér er fjöldi kennslustunda reiknaður sem fjöldi þeirra tíma sem hver þátttakandi fær.

Mat Símenntunar er eftir samtöl við hlutaðeigendur að nám fyrir fólk með fötlun sé afskaplega mikilvægur þáttur í lífi þátttakenda. Eins er námskeiðahaldið mikilvægt í starfsemi vinnustofanna og í mörgum tilvikum er leiðbeinendum fagnað mjög þegar þeir koma á vinnustofurnar. Þetta er bæði mikil upplýfting og uppbrot og í mörgum tilvikum riðlast starf vinnustofanna verulega eða stöðvast jafnvel alveg þegar námskeiðin eru haldin. Það er alltaf mikilvægt að vera í góðu samstarfi við vinnustofurnar og búsetuþjónusturnar, því nauðsynlegt er að halda góðu jafnvægi, þannig að ekki sé of margt í boði í einu og ekki of lítið, heldur þannig að námskeiðin dreifist sem best yfir árið. Að mati verkefnastjóra Símenntunar er nú komin góð rútína, mörg námskeið eru haldin ár eftir ár ásamt reglulegri nýbreytni. Tengslanet við leiðbeinendur, starfsfólk og forstöðufólk stofnana er gott og mikilvægt að því sé haldið áfram á svipuðum nótum. Þátttökugjöld þurfa áfram að vera lág til að hindra ekki fatlaða í að sækja fræðslu. Fræðslan er afar mikilvæg fyrir þennan hóp og nauðsynlegt að halda henni í sem bestum farvegi.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is



Um árabíl hefur Máni Björgvinsson kennt tónlist á Akranesi. Afraksturinn er margvíslegur, t.d. sönghópur, söngleikur og fleira svo ekki sé nú talað um ánægjuna og gleðina sem hlýst af námskeiðinu. Hér er sönghópur úr Fjöliðjunni.

Færniþjálfun á vinnumarkaði

Frá september og fram í desember stóð yfir metnaðarfullt tilraunaverkefni í samstarfi símenntunar- miðstöðva landins, þar á meðal Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fjölmennatar. Verkefnið nefndist Færni á vinnumarkaði og markmið þess var að efla hæfni fólks með fötlun til aukinnar atvinnuþátttöku og byggja brýr á milli kerfa og út á vinnumarkaðinn. Um var að ræða 180 klst. nám sem skiptist í 70 klst. bóklegt nám og 110 klst. starfsþjálfun á vinnustað. Í bóklega hlutanum var farið yfir grunnþætti s.s. réttindi og skyldur, samskipti á vinnustað og verkefni rýnd sem tengjast því starfi sem færniþjálfunin fór fram í. Auk þess var lögð áhersla á að efla trú þátttakenda á eigin getu, þ.e. að vinna með styrkleika sína og að eflast í ræðu, riti og starfi. Símenntun á Vesturlandi hafði umsjón með bóklega hluta námsins.

Búið var að færnigreina sex mismunandi störf sem þátttakendur gátu óskað eftir að komast í starfsþjálfun í; á leikskóla, í verslun, á lager/vöruhúsi, í endurvinnslu, við þrif og þjónustu og við umönnun. Þátttakendur stunduðu námið af miklum metnaði, sóttu fræðslu tvo daga í viku og vinnu þrjá daga í viku og nutu stuðnings frábærra kennara, stuðningsaðila og starfsþjálfara á vinnustöðunum. Verkefnið gekk vonum frammar og lauk námskeiðinu með útskrift í Borgarnesi þann 18. desember.

Ljóst er að í þessum þjóðfélagshópi býr mikill vannúttur mannauður. Með stuðningi og störfum við hæfi er fólk með fötlun fullfært um að taka þátt á vinnumarkaði. Það er því ástæða til að hvetja fyrirtæki og stofnanir til dæða á þessu sviði enda felast verðmæti í aukinni fjölbreytni.



Frá útskriftinni 18. desember sl.

Stóriðjuskóli Norðuráls

Stóriðjuskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2012 og er samvinnuverkefni Norðuráls, Símenntunar á Vesturlandi og Fjölbautaskóla Vesturlands. Auk kennara á vegum Símenntunar og FVA koma sérfræðingar frá Norðuráli og Iðunni að kennslunni.

Tilgangur námsins er meðal annars að auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnisstöðu, auka öryggi starfsfólks við vinnu og efla starfsánægju. Í janúar 2024 hófst síðasta önnin af þremur í framhaldsnámi. 15 nemendur luku námi í maí og farið var í útskriftarferð til Austurlands í september. Frá upphafi skólans hafa alls 149 nemendur útskrifast, þar af 51 úr framhaldsnámi. Tæp 80% útskrifaðra nemenda starfa enn hjá Norðuráli.



Útskriftarnemendur úr Stóriðjuskólanum auk kennara og aðstandenda skólans.

Velferðarskóli Vesturlands

Velferðarskóli Vesturlands er verkefni sem snýr að starfsfólki í velferðarþjónustu sveitarfélaganna en því lauk á árinu þar sem fjármagn sem var grundvöllur verkefnisins kláraðist. Á árinu voru haldin námskeið á Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík og í Stykkishólmi. Námskeiðin voru; þjónandi leiðsögn, nauðung og þvingun, skyndihjálp og samskipti við aðstandendur. Viðræður um áframhald eru hafnar við sveitarfélögin, líklega í formi fræðslustjóráverkefnis, og miðar þeim vel.

Fjölmennning

Símenntun hefur alla tíð lagt áherslu á fjölmennningarlegt starf og tekið þátt í ýmsum viðburðum þar að lútandi. Þann 24. janúar var haldin ráðstefna í Borgarnesi: „Samtal um stefnu í málefnum innflytjenda“ (e. Discussion on Policy on Immigrant Matters) á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Starfsfólk Símenntunar mætti þangað og Jovana Pavlovic, markaðsstjóri og fjölmenningarfulltrúi Símenntunar opnaði ráðstefnuna með erindi um eigin upplifun sem innflytjandi á Íslandi. Markmið ráðstefnunnar var að ráðuneytið fengi innsýn í stöðu fjölmenningarmála og innflytjenda á Íslandi. Núlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að endurskoða þarf aðlögun og stefnumótun í fjölmennningarlegu samfélagi og huga ætti enn frekar að inngildingu (e. Inclusion). Í inngildingu er fólk af erlendum uppruna meðtekið eins og það er, og því leyft að taka þátt í sínum eigin menningarheimi og jafnframt íslensku samfélagi, eða eins og Jovana komst að orði í ræðu sinni; „að eitt þurfi ekki að útiloka annað“. Einnig voru önnur málefni rædd, meðal annars íslensk tunga, menntun innflytjenda, mikilvægi fyrirmýnda fyrir innflytjendur, kerfisbundar hömlur, aðgengi að upplýsingum o.fl.



Jovana heldur ræðu þann 24. janúar í Hjálmakletti.

Fjölmenningskóli Vesturlands

Fjölmenningskóli Vesturlands er þverfaglegt verkefni með áherslu á inngildingu, fjölmenningarfærni, þjónustu og upplýsingaflæði. Verkefnið hófst formlega í mars 2024 með styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála, og Sóknaráætlun Vesturlands. Markmið skólans eru fjögur; valdefling, inngilding, lýðræðisleg og samfélagsleg þátttaka og ósýnileg menning. Markmið skólans taka mið af Hvítbók um málefni innflytjenda (2024-2038). Árið 2024 var lögð áhersla á fjölbreytt verkefni og samstarf við sveitarfélög, stofnanir og skipulagsheildir á Vesturlandi.

Fræðsla

Fræðsla spilar stóran þátt í starfsemi skólans. Fjölmenningarfærninámskeið voru haldin fyrir 430 einstaklinga á Vesturlandi og Vestfjörðum. Markmið námskeiðsins er að efla vitund um samskipti við fólk af erlendum uppruna, stuðla að inngildingu og draga úr ómeðvituðum fordómum. Námskeiðið tekur mið af nýjustu rannsóknum og er sífellt uppfært til að mæta þörfum mismunandi hópa.



Hanna Ragnarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, sem sérhæfir sig í fjölmenningu og skólaþróun, hélt fræðsluerindi fyrir stjórnendur menntastofnana á Vesturlandi í september. Erindið fjallaði um skólaþróun í fjölmennningarlegu samfélagi og var því vel tekið. Alls mættu tólf stjórnendur menntastofnana á fræðsluerindið. Markmiðið með fræðslunni var að valdefla menntastofnanir með því að veita þeim frekara aðgengi að þekkingu sem tengist fjölmenningu og skólastarfi.

Upplýsingaflæði

Áhersla var lögð á skilvirkt upplýsingaflæði. Í upphafi árs var Fjölmenningskóli Vesturlands kynntur fyrir skipulagsheildum og óskað eftir samstarfi við þær. Í kjölfarið var lögð áhersla á samskipti við sveitarfélög. Fræðslupakki var útbúinn fyrir sveitarfélögin og kynntur á fundum í sveitarfélögum á Vesturlandi. Auk þess var verkefnið markaðssett með bæklingum, veggspjöldum, keyptri dreifingu á samfélagsmiðlum s.s. herferðum og nýrri undirsíðu á heimasíðu Símenntunar með „Google Translate“ þýðingarvél. Sá möguleiki eykur aðgengi fólks af erlendum uppruna að upplýsingum.

Íslenska

„Kaffi Símenntun“ var verkefni sem hófst í febrúar 2024 og stóð fram í apríl sama ár. Það var í samstarfi við Borgarbyggð og Sóknaráætlun Vesturlands. Verkefnið fól í sér óformlega íslenskukennslu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd sem bjó á Bifröst.

Símenntun hélt níu námskeið í íslensku, fimm byrjendanám-skeið, þrjú námskeið á stigi 2 og eitt á stigi 3. Af þessum voru þrjú námskeið kennd á netinu. Alls voru nemendur samtals 93. Íslenskunámskeiðin eru styrkt af Rannís.

Íslenskan gegnir lykilhlutverki í inngildingu fólks af erlendum uppruna í samfélagið. Mikilvægt er að skapa umhverfi þar sem fólk getur æft sig og eflt samskipti í íslensku án þess að þurfa að glíma við fordóma vegna þess að íslenskan þeirra er ekki „fullkomin“. Meiri tungumálakunnátta stuðlar að aukinni þátttöku í samfélaginu og bættri líðan einstaklinga.



Ánægðir nemendur að loknu íslenskunámskeiði í Borgarnesi.

Símenntun fór af stað með verkefnið „Hér er töluð allskonar íslenska“ í maí 2024. Markmiðið var að efla samtal og samskipti á íslensku, styrkja inngildingu og skapa skilning og þolinmæði fyrir fjölbreytileika í málnotkun. Í verkefninu er lögð áhersla á að allir geti tekið þátt í samfélaginu óháð íslenskukunnáttu. Í maí 2024 fór af stað áttatíu þar sem um 2000 barmmerkjum var dreift til 28 skipulagsheilda á Vesturlandi til að vekja athygli á málefninu. Verkefnið var einnig útfært í samstarfi við bókasöfn á Vesturlandi, sem buðu upp á örugg rými þar sem fólk gat æft sig í að tala íslensku. Auk þess hófst samstarf við verkefnið „Gefum íslensku séns“ til að efla íslenskuvíðburðina á bókasöfnunum, með það markmið að styrkja samtal og samskipti á íslensku. Verkefnið mætti þó áskorunum, svo sem lítilli þátttöku á sumum stöðum og misskilningi varðandi hlutverk bókasafnanna.



Barmmerkið.

Fjölménningarmessa var haldin í Borgarneskirku í maí með áherslu á fjölbreytileika í íslenskri tungu, þar sem bænir voru fluttar á spænsku, úkraínsku og rússnesku, og fjölménningarfulltrúi Símenntunar hélt hugvefju um mikilvægi fjölménningarlegs samfélags.



Frá fjölménningarmessu.

Önnur verkefni

Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi leituðu til Símenntunar um ráðgjöf og útfærslu á rýnihópaviðtölum. Markmiðið var að ná til fólks af erlendum uppruna og heyra í þeim hljóðið fyrir sóknaráætlun næstu ára. Símenntun hafði samband við fólk af erlendum uppruna í Borgarbyggð, Dalabyggð, Akranesi og Snæfellsnesi. Þátttakendur voru hvattir til þess að tala „allskonar“ íslensku, sem skapaði öruggt og opið umhverfi fyrir umræðu. Rýnihópurinn gaf góða innsýn í þarfir og skoðanir innflytjenda á Vesturlandi.

Nám í samfélagstúlkun fór af stað með átta þátttakendum með sex mismunandi móðurmál. Námið er samkvæmt námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að valdefla innflytjendur og efla þjónustu við fólk af erlendum uppruna með auknu aðgengi að túlkum.

Ljósmyndakeppni um fjölmenningu vakti einnig athygli, þar sem áhersla var á að draga fram fjölbreytileika samfélagsins á myndrænan hátt. Keppnin skilaði inn átta áhugaverðum myndum sem varpa ljósi á það hvernig íbúar á Vesturlandi túlka og upplifa hugtökin fjölmennning og/eða fjölbreytileiki.



Verðlaunamyndin.

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir hefur verkefnið náð að skapa samtal og vitund um fjölmenningsmál á Vesturlandi. Framundan er áframhaldandi þróun verkefnisins, þar sem áhersla verður lögð á að efla íslenskukennslu, fjölmenningsfræðslu og nánara samstarf við sveitarfélög og stjórnvalda til að efla lýðræðislega þátttöku og inngildingu í samfélaginu.



Sigurvegari í Ljósmyndakeppni Símenntunar 2024: Michaela Hrómadkóva.

Námskeið fyrir skiptinema

Líkt og síðustu ár annaðist Símenntun kennslu fyrir erlenda skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ). Sú nýgbreytni varð á árinu að Listaháskóli Íslands óskaði eftir samsvarandi námskeiði fyrir sína skiptinema. Námskeiðið skiptist í fjóra hluta; grunnþætti íslensks tungumáls, íslenska sögu og menningu og vettvangsferðir. Í LBHÍ var námskeiðið á Hvanneyri einu sinni í viku í 6 skipti, 1,5 klst. í senn. Einnig var farið í vettvangsferðir, annars vegar í uppsveitir Borgarfjarðar; í Kraumu, Hraunfossa og Reykholt, og hins vegar í Borgarnes þar sem nemendur kynntust ýmiss konar þjónustu sem veitt er í bænum. Námskeiðið var með aðeins öðru sniði í LHÍ, en þar var kennt tvo daga í viku í þrjár vikur og farið í eina vettvangsferð, á álfaslóðir í Hafnarfirði. Þar leiðsagði Bryndís Björgvinsdóttir hópnum um samspil álfa og manna og áhrif álfa á samfélagið. Í báðum hópum lauk námskeiðinu með fjölpjórðlegri matarveislu þar sem allir komu með eitthvað gómsætt frá sínum heimaslóðum.



Við Snorrallaug í Reykholti.

Fyrirtækjþjónusta

Símenntun á Vesturlandi leggur sig fram við að þjónusta fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á starfssvæði sínu. Þessi þjónusta hefur fyrst og fremst falist í námskeiðahaldi en einnig eru að færast í vöxt verkefni er tengjast öðrum fræðslutengdum málum, svo sem starfsþróun og nýliðafræðslu, svo dæmi séu nefnd.

Þessi aukning kemur í kjölfar þeirrar áherslu sem lögð var á fyrirtækjafræðslu eftir stefnumótunarvinnu Símenntunar sem unnin var fyrir nokkrum árum.

Grunnurinn var lagður með auknu samtali og heimsóknnum, bæði rafrænum og í raunheimum og var þessum heimsóknnum haldið áfram á síðastliðinu ári. Stefnan er óbreytt fyrir árið 2025 og ætlunin er að halda áfram að heimsækja fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu og aðstoða þau með fræðslumál. Í heimsóknunum hefur þjónusta Símenntunar í fyrirtækjafræðslu verið kynnt og eru þó nokkur mismunandi verkefni í undirbúningi í framhaldi af því.

Fræðslustjóri að láni

Í heimsóknnum starfsfólks Símenntunar á liðnu ári til fyrirtækja og stofnana var lögð talsverð áhersla á að kynna verkefnið Fræðslustjóri að láni sem hluta af þeirri þjónustu sem Símenntun býður fyrirtækjum og stofnunum á Vesturlandi. Verkefnastjórar Símenntunar hafa fundið fyrir auknum áhuga fyrirtækja á fræðslumálum og sérstaklega hefur þetta verkefni, Fræðslustjóri að láni, þótt mjög spennandi.

Fræðslustjóri að láni byggist á því að lána til fyrirtækja og stofnana mannauðsráðgjafa sem er sérhæfður í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu og þjálfunarmál, hampar því sem vel er gert og setur fram áætlun um hvernig megi bæta það sem þarf að bæta. Verkefnið byggir m.a. á því að skipulega er unnið að starfsmannaþróun og verkefnum sem tengjast skipulagningu menntunar, þjálfunar og öðru varðandi símenntun starfsfólks.

Starfsmannaþróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki og stofnanir og ekki síður að auka ánægju starfsfólks í starfi. Til að hægt sé að mæta þörfum starfsfólks er lykilatriði að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu Fræðslustjóri að láni er lagt til grundvallar að stjórnendur og almennir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu í fræðslumálum sem þörf er á. Til eru ýmsar leiðir til að vinna að þessu en valdar eru þær leiðir sem taldar eru henta hverju sinni. Þannig fæst yfirlit yfir stöðu fræðslu hjá mannauðnum og hvernig hægt er að þróa hann áfram. Fyrirtækið getur þannig einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi en fræðslumálin eru tekin föstum tókum af öðrum. Margir starfsmenntasjóðir stéttarfélaganna niðurgreiða verkefnið Fræðslustjóri að láni. Nálgaðst má upplýsingar um sjóðina á vefnum Áttin, www.attin.is.

Á árinu 2024 var unnið eitt verkefni Fræðslustjóri að láni, fyrir Skaginn 3X á Akranesi. Gerð var þarfagreining á fræðsluþörfum starfsfólksins og var vinnan við verkefnið á lokametrunum þegar fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta. Það var staða sem enginn átti von á og fordæmalausar aðstæður. En þannig fór að verkefnið sem unnið var af miklum áhuga og alúð starfsfólks og stjórnenda Skagans 3X fór ofan í skúffu og mun sjálfsgætt ekki nýttast þeim sem lögðu hönd á plóg. Það er ánægjulegt að starfsemi Skagans 3X fór að hluta til af stað aftur, undir nafninu Skaginn Kapp. Stærð og starfsmannafjöldi þess fyrirtækis er þó aðeins brot af því sem áður var en þegar fram líða stundir verður vonandi hægt að hefjast þar aftur handa. Núverandi stjórnendur og eigendur eru meðvitaðir um að þessi vinna hafi farið fram og vilja skoða samstarf þegar líður á árið 2025.

Í ársbyrjun 2025 eru þrjú fræðslustjóraverkefni í undirbúningi sem kynnt voru árið 2024.

Innan Símenntunar hefur verkefni sem kallast Fræðslustjóri að leigu verið í þróun en í því felst að Símenntun og fyrirtæki eða stofnanir sem farið hafa í gegnum Fræðslustjóri að láni gera með sér samkomulag um að ráðgjafi Símenntunar verði viðkomandi fyrirtæki eða stofnun innan handar í skipulagningu og framkvæmd samkvæmt áætluninni. Að fá fræðslustjóra að leigu hentar oft vel þegar ekki er til staðar fræðslustjóri og/eða mannauðsstjóri hefur ekki svigrúm til að sinna fræðslumálum eins og þarf. Umfang þessara verkefna fer eftir því hversu stór, dreifð og fjölmenn fyrirtækin eða stofnanirnar eru. Fjögur verkefni af þessu tagi, Fræðslustjóri að leigu, eru í gangi núna hjá Símenntun. Eitt fyrirtæki hætti þátttöku í Fræðslustjóri að leigu en annað bættist við á síðastliðinu ári.

Steinunn Pálsdóttir

Hvenær kemur Steinka?

Hvenær kemur Steinka? er stundum spurt á Fellsenda, hjúkrunarheimilinu í Dölum. Þá er fólk farið að biðja eftir næstu heimsókn. Steinka, fullu nafni Steinunn Pálsdóttir, fer nefnilega reglulega á Fellsenda og spilar og syngur fyrir og með fólkinu þar. Þetta hefur hún gert undanfarin ár og virðist ekki vera á þeim buxunum að hætta því þó hún sé orðin 75 ára.


„Ég er þó farin að minnka við mig,“ segir Steinunn en hún er samt oft beðin að spila í samkvæmum, á þorablótum og fyrir eldri borgara hér og þar. „Núna á föstudaginn verð ég t.d. á árshátíð Vegagerðarinnar á Vesturlandi,“ segir hún, „stjórna þar fjöldsöng og spila undir á píanó.“ Í ljós kemur að hún leikur á minnst þrjú hljóðfæri, auk píanósins spilar hún líka á gítar og harmonikku.

Hvaðan kemur þessi tónlist?

Steinunn segist hafa farið á ýmis námskeið en sé að mestu sjálflærð. Hún fann snemma fyrir hæfileikum á þessu sviði. Kirkja var á hennar æskuheimili og þar sat hún við orgelið, lærði á það og æfði sig.

Hvar var þetta?

„Þetta var í Álfartungu á Mýrum þar sem foreldrar mínir voru með búskap.“ svarar Steinunn. Síðar flutti hún í Borgarnes. Eftir orgelæfingarnar í æsku, hélt Steinunn áfram í tónlistinni, var í hljómsveitum og spilaði á böllum. Svo leið tíminn og önnur verkefni tóku við. En fyrir fimm árum (þá var hún sjálf sjötug) stofnaði Steinunn nýja hljómsveit ásamt þremur öðrum. Aldur er engin fyrirstaða enda er hann afstæður.



Steinunn með gítarinn.

Kennsla og garðyrkja

Steinunn hefur búið í Borgarnesi alla sína tíð, eftir að hún óx úr grasi og flutti að heiman. Starfsævin var hins vegar mest í öðru héraði en hún var kennari í 25 ár í Laugagerðisskóla á Snæfellsnesi. Þar kenndi hún tónlist og tónmennt og átti farsælan feril. Á sumrin tók svo fljótlega við annað áhugamál sem hún sinnti af mikilli ástríðu: garðyrkja. Þannig var að Steinunn hóf umsjón með Skallagrímgarði í Borgarnesi. Það var árið 1994 og tók hún við garðinum af Kvenfélagskonum sem höfðu hirt um hann áður. Þarna vann hún svo á sumrin í 25 ár og var með unglingavinnuna með sér í garðinum. Steinunn hætti með garðinn árið 2019 og árið 2020 fékk hún Samfélagsverðlaun Borgarbyggðar fyrir starf sitt við garðinn. En það er víðar en í Skallagrímgarði og Laugagerðisskóla sem

Steinunn hefur séð ungvíðið vaxa úr grasi. Eiginmaður hennar heitir Sigurður Þorsteinsson og þau Sigurður eignuðust tvo drengi sem búa báðir í Borgarfirðinum, annar er arkitekt í Borgarnesi og hinn bóndi og bruggari. Steinunn hefur komið á hjúkrunarheimilið á Fellsenda undanfarin ár.



Sungið, spilað og spjallað á Fellsenda.

Hún er með námskeið á vegum Símenntunar sem kallast Tónlist og tal og er skipulagt tvisvar á ári. Sú fyrri er á vorin og hin á haustin. Símenntun hefur umsjón með námskeiðinu og er það hluti af fullorðinsfræðslu fatlaðra.

Hvernig fer þetta fram?

Steinunn segist „bara mæta“ og hún og fólkið á Fellsenda kemur sér fyrir í setustofunni. Þá er byrjað að syngja og skemmta sér. Margir syngja með og aðrir njóta þess að hlusta. Á milli laga spjallar Steinunn við fólkið.

Þetta eru sannkallaðar gæðastundir. Fólkinu hefur líkað þetta vel, bíður eftir næsta tíma og spyr stundum: „Hvenær kemur Steinka?“ Oft er beðið um óskalög og yfirleitt getur Steinunn orðið við því. Lögin sem hún spilar eru úr ýmsum



Það þarf fólk eins og þig, fyrir fólk eins og mig.

áttum, bæði sjómannalög og lög eftir KK t.d. Eitt vinsælasta lagið er Á Spáni, með Ladda. En það lag sem hún endar oft á er svona þeirra aðallag, lagið þeirra. Það er lagið hans Rúnars Júlíussonar, það þarf fólk eins og þig. Maður getur eiginlega ímyndað sér stemmninguna hjá Steinku og fólkinu á Fellsenda. Hún segir: „Þetta eru vinir mínir.“ Og þegar hún er spurð hvers vegna hún haldi að þetta gangi svona vel, þá svarar hún: „Ég horfi í augun á þeim eins og jafningja mína.“ Steinunn hefur verið að sækja Fellsenda heim í fimm ár. Hún lætur vel af þessu og hefur engin áform um að hætta. „Það er félagsskapur í þessu, segir hún. „Fyrir mig. Maður þarf líka að passa uppá sjálfan sig.“ Hver tími er ein og hálf klukkustund og kemur Steinunn sex sinnum á Fellsenda á hvorri önn.

Eins og áður sagði er Steinunn orðin 75 ára en virðist ekki vera farin að hægja á sér. Auk kennslunnar á Fellsenda sinnir hún ræstingum. Þá eiga þau Sigurður bústað með garði og það þarf auðvitað að hugsa um bústaðinn. Samt finnst henni ekki nóg að gera. Og það er ljóst að fólkið á Fellsenda vill njóta krafta hennar sem lengst.

Þórheiður Elín Sigurðardóttir

Þegar fólki líður vel er það yfirleitt tilbúið að reyna nýja hluti

Þórheiður Elín Sigurðardóttir er forstöðuproskafjálfi Smiðjunnar í Ólafsvík, dagþjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu. Hún hefur verið í þessu starfi í fjögur ár og líkar vel. Þórheiður, sem einnig hefur unnið sem þroskafjálfi í leik og grunnskóla, hafði í námi sínu kynnst málefnum fullorðins fólks með fötlun og fundið að áhugasvið hennar lá þar.

Við mæltum okkur mót í síma og ég spurði hana fyrst hvort hún væri frá þessum slóðum, hvort hún væri Ólsari? “Já, svaraði Þórheiður, “Ólsari í húð og hár.” Og hún sagði það einhvern veginn eins og hún þekkti þarna hvern krók og kima. Talið barst fljótt að Smiðjunni og Þórheiður sagði að þau væru í nýju húsnæði. “Við erum búin að vera hér í tvö ár, húsnæðið er stærra en það gamla og aðstaðan mun betri.” Hún er mjög ánægð með húsnæðið, segir það muna öllu. Þar liði starfsfólkinu vel.



Þórheiður Elín Sigurðardóttir.

Húsnæðið

Þegar hún tók við starfinu var eitt af hennar fyrstu verkefnum að beita sér fyrir nýrri vinnuaðstöðu. Hún orðar það þannig að húsnæðið þurfi að styðja við starfsemina. Þórheiður fékk einnig það tækifæri að koma að hönnun hússins, fékk að teikna það upp eins og hún segir. Það var frábært tækifæri að fá að koma því á framfæri hvernig umhverfi hún taldi henta starfsseminni sem best. Húsnæði sem gæti stutt við framtíðar þróun á daglegu starfi.

“Þetta er 200 fermetra húsnæði að Ólafsbraut 55”, segir Þórheiður og heldur áfram: “Fyrst þegar þú kemur inn, er þar við innganginn svokallað “Styrktarhorn” þar sem við höfum til sýnis þann varning sem er til sölu.”



Starfsfólkið býr til alls konar varning og selur og fer allur ágóðinn inn á styrktarsjóð starfsmanna sem sækja þjónustu í Smiðjuna. Í framhaldi af styrktarhorninu er svo aðalvinnusalurinn þar fyrir innan, svo er kaffistofa, og þrjú salerni, þar af eitt fyrir leiðbeinendurna. “Skrifstofan er líka nýtt sem vinnurými”, segir Þórheiður “og svo er hvíldarrými fyrir pásur og rólegri vinnu.” Þetta er snyrtilegt og öruggt umhverfi, vonandi framtíðarhúsnæði og styður við framtíðarþróun á starfinu, segir Þórheiður og leggur greinilega mikla áherslu á húsnæðismálin.

Hvers vegna? “Þegar fólki líður vel”, svarar hún, “er það yfirleitt tilbúið til að reyna nýja hluti.”

Starfið

Allir sjö starfsmenn Smiðjunnar eru búsettir í Snæfellsbæ, flestir í Ólafsvík og einn á Hellissandi. Í Ólafsvík er einnig búsetukjarni fyrir fimm íbúa sem var nýlega opnaður. Í Smiðjunni eru fjögur stöðugildi leiðbeinenda.

Hvernig er hefðbundinn dagur í Smiðjunni?

“Það er opið frá átta til þrjú. Fólk fer svona að tínast í hús á milli 8 og 8:30,” segir hún. “Alla daga byrjum við á sameiginlegu morgunkaffi.”

Þau greiða í kaffisjóð starfsmanna í hverjum mánuði og starfsfólkið sjálft gerir innkaup með sjónrænum innkaupalistum. “Það hefur verið lengi hjá okkur”, útskýrir Þórheiður: “Ólíkir einstaklingar geta farið saman að versla, þrátt fyrir óhefðbundnar tjáskiptaleiðir starfsmanna þá geta allir í samvinnu stundað innkaupin. Það er valdeflandi að fá tækifæri á að sinna sínum innkaupum sjálfur. Sjónrænn stuðningur er lykilatriði í daglegu starfi hjá okkur.”

Sjónræna skipulagið er svo unnið með leiðbeinendunum og í samstarfi við starfsmenn þegar á við.



Á meðfylgjandi myndum sést vel hvað húsnæðið er glæsilegt og aðlaðandi.

Verkefnin

Einu sinni í viku fara þau í íþróttahúsið, þar er yfirleitt frjáls hreyfing. Svo eru það verkefnin: þau bera út póst tvisvar í viku og vinna sjálfboðavinnu í dósamóttökunni hjá fyrirtækinu Ragnar og Ásgeir (betur þekkt sem flutningafyrirtæki). Einnig raða þau vörum í hillur í matvöruverslun og sjá um endurvinnsluna þar. Á næstu dögum eru þau að prófa að vinna verkefni í Sjoppunni í Ólafsvík og á gistiheimili sem er staðsett á efri hæð hússins sem Smiðjan er staðsett.



Sex kindur úr framleiðslu starfsfólks Smiðjunnar.

Í Smiðjunni sjálfri vinna þau fjölbreytt verkefni: það er saumavinnan, svuntur, grjónapokar, taupokar og loks sérstakir pokar sem notaðir eru sem þátttökuverðlaun í hinu árlega Snæfellshlaupi.

Mikil framleiðsla er á kertum í Smiðjunni, kertum af öllum stærðum og gerðum og í mörgum litum. Þau fá notað kertavax sem þau endurnýta í kertavinnuna og eru öll kerti með nýjum kertapráðum. Hægt er að fá bæði inni- og útikerti. Loks búa þau til skartgrip og ýmsa skrautmuni.

Kertin og fleiri munir eru til sýnis í styrktarhorninu og auk þess auglýsir Smiðjan verkin sín reglulega á Facebook-síðu þeirra “Smiðjan – Ólafsvík”.

Smiðjan tekur einnig að sér gagnaeyðingu og eru þau núna að sinna gagnaeyðingu fyrir eitt fyrirtæki í Snæfellsbæ sem styrkir starfsmannasjóð fyrir verkefnið.



Vantar einhvern kerti? Þau fást í Smiðjunni, Ólafsvík.



Niðursuðudósir í nýju hlutverki.

Að fólk með fötlun fái starfstækifæri

Helsta markmiðið núna, segir Þórheiður, er að auka starfstækifæri starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Dagþjónustur og hæfingastöðvar um land allt sinna mikilvægu hlutverki í lífi fólks með fötlun og skerta starfsgetu. Það hentar ekki öllum að sækja vinnu á almennum vinnumarkaði og er því mjög mikilvægt að vera með miðstöð eins og Smiðjuna sem kemur til móts við þann hóp fólks. Og hún bætir við: “En ekki má gleyma að við getum sett upp allskonar útfærslur, einstaklingsmiðað verkefni og aðlagð að hverjum og einum, atvinnurekendum og -leitendum í hag. Við þurfum bara að vera tilbúin að vinna saman og skilja hvers vegna það er mikilvægt að allir fái tækifæri á að máta sig á almennum vinnumarkaði sem fullorðinn og sjálfstæður einstaklingur í daglegu lífi.”

Þórheiður segir að samfélagið sjálft beri líka ábyrgð, það þurfi að vera opið fyrir því að gefa fólki starfstækifæri. “Við erum að vinna í því að samfélagið sjái hag sinn í því að hafa fjölbreytt vinnuafli”, segir hún. “Með því að auka sýnileika á daglegum störfum okkar og sækjast eftir sjálfboðaliðaverkefnum á almennum vinnumarkaði sýnum við fram á hversu megnug við erum og að allir geta eitthvað en enginn getur allt. Það skiptir mig miklu máli að efla sjálfstæði hvers og eins ásamt því að þeir starfsmenn sem það vilja geti mátað sig á almennum vinnumarkaði sem einstaklingar.”, segir Þórheiður og brennur auðheyrilega fyrir þessum málaflokki. “Mitt fólk þarf stuðning út á vinnumarkaðinn”, segir hún. Þau í Smiðjunni hafa lagt vinnu í að kynna þessi mál og það hefur skilað sér. Þá hefur sjálfboðavinna sem starfsfólk Smiðjunnar sér um, stuðlað að vitundarvakningu og er mjög mikilvæg kynning í sjálfri sér. Þetta er allt hluti af þróun til framtíðar. Þróun tekur tíma en þau í Smiðjunni vilja líka leggja góðan og öruggan grunn til framtíðar. En það er mikilvægt að auka fjölbreytnina í daglegum viðfangsefnum starfsfólksins. Núna er Þórheiður með sjö ólíka einstaklinga sem vinna saman alla daga. Þeir þurfa líka að vera hluti af öðrum vinnustöðum og kynnast fleirum og á öðrum vettvangi. Smiður eins og Smiðjan í Ólafsvík eru mjög góðir staðir fyrir hæfingu en það þarf líka að styðja einstaklingana, fólk með skerta starfsgetu, betur og meira. Um mikilvægi starfsins segir Þórheiður „Ef Smiðjan væri ekki til staðar, væru lífsgæði starfsmanna Smiðjunnar skert, með tilliti til félagslega, andlegra og líkamlegra þátta, svo eitthvað sé nefnt”. Að lokum segist hún vera ánægð og stolt af góðu samstarfi í Smiðjunni. Og miðað við okkar stutta spjall og skoðunarferð um Facebook-síðuna þeirra, er ljóst að þar fer fram ómetanlegt starf, bæði fyrir starfsfólkið en ekki síður fyrir samfélagið allt.

Bestu þakkir til Þórheiðar fyrir viðtalið og gangi þeim í Smiðjunni sem best í framtíðinni.

Úr opinberri stefnu um atvinnu með stuðningi:

Atvinna með stuðningi eða vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem ráðið hafa fólk með skerta starfsgetu til starfa og er þeim ætlað að auka tækifæri fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

<https://island.is/atvinna-med-studningi>

Ásgeir Sigurðsson

Eflir mann frekar en hitt

Ásgeir Sigurðsson er 57 ára gamall Skagamaður. Hann var einn af þeim sem sátu námskeiðið Færni á vinnumarkaði, á vegum Símenntunar síðastliðið haust. Ég sló á þráðinn til Ásgeirs til að spyrja hann út í þetta. Hann tók vel í það og áttum við gott spjall saman.

Færni á vinnumarkaði er skipulagt þannig að þátttakendur eru að hluta í bóklegu námi á vegum Símenntunar og að hluta í starfsnámi eða -þjálfun hjá allt að þremur fyrirtækjum á svæðinu.

Á hvaða stöðum fórst þú í starfsþjálfun?

„Ég var hjá Kaju, Karen Jónsdóttur“, svarar Ásgeir og áður en ég gat spurt meira, bætti hann við: „og þar er ég enn.“ Kaja, eða Karen, stofnanda og eiganda fyrirtækisins Kaja Organics, líkaði greinilega svona vel við störf Ásgeirs að hann fékk áframhaldandi ráðningu. Kaja Organics var sem sé stofnað af Karen Emilíu Jónsdóttur og sérhæfir sig í framleiðslu á heilnæmum mat sem búinn er til úr lífrænt ræktuðum hráefnum. Sjálfbærni og heilbrigðir lífshættir eru áhersluefni fyrirtækisins.

En hvað gerir Ásgeir hjá Kaju?

„Ég sækir vörur og sendist með vörur“, segir Ásgeir. Hann fer oft til Reykjavíkur á sendibíl fyrirtækisins, og jafnvel til Hafnarfjarðar. Sækir vörur fyrir Kaju og kemur líka framleiðsluvörum fyrirtækisins í verslanir. Ásgeiri líkar mjög vel og hefur hug á að halda áfram eins og lengi og hann getur. Hann hefur langa og fjölbreytta starfsreynslu að baki, vann m.a. hjá HB, Norðurfiski og Dósamóttökunni en hefur reyndar ekki sagt alveg skilið við síðastnefnda staðinn. En námskeiðið Færni á vinnumarkaði var ekki



Ásgeir Sigurðsson.

eingöngu starfsþjálfun. Ásgeir sat líka á skólabekk hjá Símenntun.

Hvað lærðirðu þar?

Ásgeir er fljótur að svara því: „Ég lærði alveg helling. Um vinnumarkaðinn, að gera ferilskrá og svolítið á tölvur líka.“ Ásgeir segist hafa kynnst nýju fólki á námskeiðinu en líka hitt gamla kunningja. Hann lætur mjög vel af námskeiðinu.

Þú mælir sem sagt með þessu námskeiði?

„Já, ég geri það, segir hann. „Þetta var gefandi og eflir mann frekar en hitt.“

Ég þakka Ásgeiri fyrir spjallið og kveð hann.



Hér eru þátttakendurnir á námskeiðinu sl. haust. Ásgeir er lengst til vinstri.

Heiðdís Rós Svavarsdóttir

Það skemmtilegasta sem ég hef gert

Heiðdís Rós Svavarsdóttir er forstöðumaður Öldunnar, en þar fer fram starfs- og félagsþjálfun fyrir fólk með fötlun. Í Öldunni er lögð áhersla á að auka sjálfstæð vinnubrögð, starfsþrek og félagslega færni sem miðar að því að auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi og ekki síst á almennum vinnumarkaði. Heiðdís eða Dís eins og hún er oftast kölluð, spjallaði við mig um starfið í Öldunni.

Fljótlega læri ég að fólkið sem nýtir sér þjónustu Öldunnar er nefnt starfsfólk. Það þiggur ekki laun fyrir vinnuna en þetta heiti er nákvæmara og réttara en t.d. „skjólstæðingar“, segir Dís mér. Þeim til aðstoðar eru svo leiðbeinendurnir. „Og þetta er ekki verndaður vinnustaður“, áréttar hún. Flestir starfsmennirnir eru búsettir í Borgarnesi, sumir í búsetuúrræði sveitarfélagsins en þó ekki allir. Ég bað Dísu að segja fyrst frá húsnæðinu og aðstöðunni. „Aldan er með húsnæði á Sólbakka í Borgarnesi, með stóru, vottuðu iðnaðareldhúsi sem við notum mjög mikið“, segir Dís. „Þar erum við með matráð sem er mikilvægur fyrir margt í starfsemi.“ Hluti af því sem starfsfólkið gerir er að framleiða ýmsar matvörur, t.d. rúgbrauð og önnur brauð, líka hvítlauksolíu og aðrar olíur. Þetta er síðan selt.

En hvar?

“Til dæmis á Nytjamarkaðnum (Nytjamarkaði Skallagríms, innsk. blaðamanns), líka í Ljómaland – sveitamarkaði, svarar Dís, “og eins tekur Aldan við pöntunum.”

Og hvað er gert við innkomuna?

Hún fer öll í starfsemi Öldunnar, ferðir og fleira



Heiðdís Rós Svavarsdóttir.

Þvíumlíkt, svarar Dís. Aldan býr líka til músli fyrir gjafapakka Ungmennasambands Borgarfjarðar, UMSB. Í Öldunni er líka vinnustofa, saumastofa, kertagerð, sápuðgerð og skartgripagerð. Gróðurhús er við hliðina á húsinu. Þá er þar skúr fullur af verkfærum. Þangað sækja Karlar í skúrum tvisvar í viku og nýta sér aðstöðuna. MB fer líka í skúrinn, Menntaskóli Borgarfjarðar.

Starfsfólk er á bilinu 15-20 í hæfingu. Þá eru fimm leiðbeinendur, þar af einn deildarstjóri og forstöðumaðurinn, Dís. Mæting starfsfólksins er einstaklingsmiðuð, það er sem sagt ekki endilega mæting hvern dag fyrir hvern og einn enda er stór hluti starfsfólksins í vinnu annars staðar líka. Eldhúsið nýtist líka sem hæfing því þau borða saman í hádeginu alla daga, líka þau sem eru í vinnu annars staðar. Þá eldar starfsfólkið með matráðnum, þau leggja á borð og ganga svo frá.

Heiðdís hefur verið í tvö ár þarna sem forstöðumaður, önnur tvö ár þar á undan sem leiðbeinandi og segir að þetta sé það skemmtilegasta sem hún hafi gert. “Það er fyrst og fremst svo einstakur andi í húsinu,” segir Dís. “Þarna er einfaldlega tækifæri til að hafa gaman.” Allt virki bara vel. Þarna sé fjölbreyttur hópur sem kalli á fjölbreytt verkefni, t.d. sé einn starfsmaðurinn með bílpróf og fari í alls kyns snúninga á bílnum en Aldan hefur tvo bíla til umráða, annan frá Ferðaþjónustu fatlaðra og hinn frá Borgarbyggð. Fyrir marga er það orðinn fastur liður að mæta þarna a.m.k. einu sinni í viku, segir Dís.

En hvernig er einn týpískur dagur hjá Öldufólkinu?

Dagskrá venjulegs dags:

Húsið opnar kl. 9 og fyrir hádeggi eru ýmis verkefni í húsi, sumir morgnar eru t.d. þrjónamorgnar. Allamiðvikudag kl. 11ersöngstund í Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Þá er það hádegismaturinn og allt sem fylgir honum, undirbúningurinn, samveran og frágangurinn. Eftir hádeggi er oft farið út úr húsi. Þau hitta íþróttafræðing einu sinni í viku sem er með skipulagða hreyfingu í íþróttamiðstöðinni

og svo fá þau ýmis námskeið og fræðslu á vegum Símenntunar, t.d. kynfræðslu, fræðslu um tilfinningar og fræðslu frá næringarfræðingi. Loks er stundum slökun undir leiðsögn jógaleiðbeinanda sem kemur til þeirra í Ölduna.

Framtíðarpælingar: óskastaða

Þegar Heiðdís er spurð um þetta, hver væri svona hennar óskastaða í þessum málum, málefnum fólks með fötlun og starfsemi Öldunnar, þá segir hún: “Óskastaðan væri að sem flestir væru með vinnusamninga.”

Vinnusamningar eru samningar sem fólk með fötlun gerir við fyrirtæki eða stofnanir með milligöngu Vinnumálastofnunar. Fyrirtækin fá styrki á móti launakostnaðinum en yfirleitt er um hlutastörf að ræða. Eins og staðan er núna eru margir eru ekki með vinnusamning en að sögn Dísu er Aldan að stíga fleiri skref í þá átt.

Enn fordómar

“Því miður fyrirfinnast enn fordómar í samfélaginu”, segir hún, en fari þó minnkandi. Það tengist því að erfitt hefur verið að fá vinnusamninga fyrir fólk. Fyrirtækin eru kannski sum hrædd við aukið vinnuálag fyrir annað starfsfólk en það er svo margt sem fatlað fólk getur gefið af sér ef það fær tækifæri til þess.

En þetta þarf ekki að vera flókið og erfitt, m.a. vegna þess að Aldan er líka tengiliður við fyrirtækin eða aðilana sem hafa tekið fólk með fötlun í vinnu. Dís segir að ekki sé nógu mikil vitneskja um að Aldan fylgi þessum samningum vel eftir. Þarna er komið að nýju hugtaki sem er “fötlunarsjálstraust”: of margir úti í samfélaginu

veigri sér við að eiga samskipti við fólk með fötlun vegna þess að þau viti ekki hvernig það eigi að haga sér í kringum það. En fólk með fötlun er auðvitað bara fólk.

Inngilding og sýnileiki

Þetta snúist auðvitað fyrst og fremst um inngildingu. Í raun sé það eitt meginmarkmið Öldunnar og annarra á þessu sviði, að vinna að inngildingu fólks með fötlun. Inngilding á ekki bara við um innflytjendur, hún á auðvitað við um alla.

Námsleiðin Færni á vinnumarkaði sem Símenntun hafði umsjón með var stór og mikilvægur liður í því að hjálpa fólki með fötlun út á vinnumarkaðinn. Aldan annaðist stuðning í því verkefni því hún sendi leiðbeinanda alltaf með nemendum og það sem virkaði mjög vel.

Hugtök:

Fötlunarsjálfsstraust

Inngilding

Fólk með fötlun

Hæfing

Aldan reynir líka að vekja athygli á málefnum með því að gera starfið sýnilegt í samfélaginu. Eitt dæmi um það er Barnapakkin sem Borgarbyggð gefur öllum nýbökuðum foreldrum í sveitarfélaginu. Aldan hefur umsjón með Barnapakkanum, safnar saman gjöfum og gjafakortum frá ýmsum aðilum og setur í einn pakka. Nýbakaðir foreldrar þurfa svo að sækja pakkann til þeirra í Ölduna og fá þá gott tækifæri fyrir þá að kynnst fólkinu í Öldunni og starfinu þar.

Eftir spjallið við Dísu þá situr eftir sú tilfinning að í Öldunni, eins og í Smiðjunni í Ólafsvík sem fjallað er um á öðrum stað í þessari skýrslu, hafi valist fólk til starfa sem brenni fyrir starfinu og hafi tekist að skapa öruggt og hvetjandi umhverfi fyrir starfsfólkið. Það er í raun ómetanlegt fyrir samfélagið.

Bestu kveðjur í Ölduna til Dísu og allra hinna, með óskum um áframhaldandi árangursríkt og gróskumikið starf í þágu samfélagsins.

Samstarfsverkefni - innlend og erlend

Innlend verkefni

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntun á Vesturlandi hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2024 sóttu atvinnuleitendur ýmis námskeið. Símenntun býður í auknum mæli upp á nám á netinu og geta atvinnuleitendur af öllu landinu sótt námið.



Kennd voru námskeið s.s. ferilskrárgerð, auk þess sem atvinnuleitendur voru þátttakendur á einni vottaðri námsleið og á íslenskunámskeiðum. Atvinnuleitendur af erlendum uppruna fara í stöðumat í íslensku ef VMST óskar eftir því. Niðurstaðan nýtist í atvinnuleit en gerir jafnframt íslenskukennslu markvissari. Símenntun hefur haldið stök námskeið í ferilskrárgerð fyrir atvinnuleitendur. Í kjölfarið fá þeir viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa, sem aðstoðar þá við að ljúka ferilskránni og uppfæra á vef Vinnumálastofnunar.

Ýmsan fróðleik og tölfræði má finna á vef Vinnumálastofnunar

www.vinnumalastofnun.is

Rauði kross Íslands

Símenntun hefur verið í farsælu samstarfi við allar deildir Rauða kross Íslands á Vesturlandi. Rauði krossinn og Símenntun halda skyndihjálparnámskeið fyrir fyrirtæki og einstaklinga samkvæmt eftirspurn og á árinu 2024 voru þau fleiri en hafa verið í mörg ár. Dreifingin var nokkuð jöfn um allt Vesturland. Rauði krossinn útvegar gögn og leiðbeinendur en Símenntun auglýsir námskeiðin og útvegar yfirleitt húsnæði en í sumum tilvikum á Rauða kross deild á viðkomandi stað húsnæði sem er notað. Þetta er samstarf sem hefur verið að aukast í takt við aukna eftirspurn eftir skyndihjálparnámskeiðum og standa vonir til að sú þróun haldi áfram báðum aðilum og ekki síður þátttakendum til hagsbóta.

Þjónusta við fjarnema

Sífelld fleiri fjarnemar nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðva til að taka próf í heimabyggð, og hefur eftirspurn eftir þessari þjónustu aukist verulega á Vesturlandi undanfarin ár. Símenntun býður upp á próftöku á sex stöðum á Vesturlandi; Akranesi, Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði, Ólafsvík og Stykkishólmi. Langflestir nemendur sem nýta sér þjónustuna eru í námi við Háskólann á Akureyri, en einnig hjá Háskóla Íslands, framhaldsskólum og fleiri menntastofnunum. Mesta aukningin hefur orðið hjá Háskólanum á Bifröst. Árið 2023 voru alls skráð 788 próf hjá Símenntun frá 13 menntastofnunum, og alls var mætt í 678 próf sem þýðir 86% mætingarhlutfall. Árið 2024 voru alls skráðir 803 próf hjá Símenntun hjá 19 menntastofnunum, og alls var mætt í 713 próf eða mætingarhlutfall upp á 89%. Lítilsháttar aukning var í eftirspurn eftir fjarprófsþjónustu Símenntunar, úr 788 í 803 eða um 1,9% á milli áranna 2023 og 2024, og fjöldi menntastofnana sem leita til Símenntunar hækkaði úr 13 árið 2023 í 19 árið 2024. Nemendur greiða prófgjald fyrir hvert próf til þess að mæta kostnaði, en mikilvægt er að Símenntun á Vesturlandi haldi áfram að sinna þessari þjónustu um allt Vesturland.

Erlend verkefni

Eco Social Agency

Eco Social Agency er evrópskt Erasmus+ samstarfsverkefni sem miðar að því að samþætta vist- og félagslega sjálfbærni í fullorðinsfræðslu. Verkefnið er unnið af KSL Study Centre í Finnlandi, Símenntun á Íslandi og MDC í Litháen. Verkefnið hjálpar kennurum og leiðbeinendum að efla sjálfbærni í námi og samfélögum. Þátttakendur læra að greina samfélagslegar og umhverfislegar áskoranir, þróa lausnir og miðla þekkingu áfram til fullorðinna námsmanna. Verkefnið stuðlar að betri skilningi á vist- og félagslegri ábyrgð og skapar nýjar leiðir til sjálfbærrar menntunar. Á árinu fóru fulltrúar Símenntunar í verkefninu á fundi í Helsinki og Vilnius og héldu vinnustofu fyrir starfsfólk og leiðbeinendur í Borgarnesi, auk þess að taka á móti samstarfsfólki frá Finnlandi og Litháen.



Vinnufundur starfshópsins í Eco-Social Agency. Kaisu, Daiva, Tiia, Vala og Ívar. Á myndina vantar Virgitu.



Frá vinnustofu í Eco-Social Agency. Starfsfólk og leiðbeinendur Símenntunar hlýddu á fróðleg erindi frá umhverfisfræðingunum Ragnhildi Jónsdóttur frá LBHÍ og Ragnhildi Sigurðardóttur frá Svæðisgarðinum Snæfellsnesi.

Samtök í fullorðinsfræðslu

Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Símennt eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, en 11 símenntunarmiðstöðvar eiga aðild að samtökunum. Markmið samtakanna eru m.a. að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi.

Innan Símenntar er unnið að sameiginlegum hagsmunum miðstöðvanna, en símenntunarmiðstöðvarnar eru um allt land. Níu þeirra eru á landsbyggðinni og tvær á höfuðborgarsvæðinu.



Starfsfólk stöðvanna hittast nú á reglulegum fundum tvisvar á ári auk þess að samskipti eiga sér stað á samfélagsmiðlum.

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun, samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla, eru lögaðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Einnig geta aðilar innan hins formlega skólakerfis sem starfa að mestu leyti í samræmi við tilgang og markmið Leiknar orðið aðilar. Símenntun er aðili að Leikn og framkvæmdastjóri situr í stjórn Leiknar



Nánari upplýsingar um Leikn má finna á www.leikn.is

Úr ýmsum áttum

Starfsendurhæfing Vesturlands

Starfsendurhæfing Vesturlands (StarfVest) var formlega stofnuð 11. desember 2014 og er til húsa á Suðurgötu 57 á Akranesi. Hlutverk hennar er að veita fólki starfsendurhæfingu sem hefur verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurft stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfssamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Símenntun er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Verkalýðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

Símenntun og Starfsendurhæfingin eru í miklu og góðu samstarfi með námstækifæri, ýmsa fræðslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér: www.starfvest.is

FABLAB

Símenntun tekur þátt í samstarfi um FabLab-smiðju sem hýst er í Breið, nýsköpunarsetri á Akranesi. FabLab er smiðja með tækjabúnaði til alls kyns framleiðslu sem gefum ungum sem öldnum færi á að nýta sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að móta, hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Með þessu samstarfi gefst Símenntun tækifæri til að bjóða upp á námskeið í stafrænni smiðju og stuðla þannig að nýsköpun, auka framboð og fjölbreytni í námi.

Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu.

Sjá vef: www.frae.is

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er m.a. áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynning á rannsóknnum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun, og viðtöl og frásagnir um það sem er efst á baugi hverju sinni. Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á þessum upplýsingavef er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf.

Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

Miðstöð menntunar og skólapjónustu

Á vef MMS (áður Menntamálastofnunar) má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu.

Sjá vef: <https://mms.is/framhaldsfraedsla>

European Association for the Education of Adults

Hér má finna ýmsar upplýsingar um fullorðinsfræðslu í Evrópu.

Sjá vef: [European Association for the Education of Adults \(eaea.org\)](http://European Association for the Education of Adults (eaea.org))

Nordic Netværk for Livslang Læring

Hér má finna ýmsar upplýsingar um norrænt tengslanet fullorðinna.

Sjá vef: www.nll.org

Epale - Vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu

EPALE (Electronic Platform for Adult Learning) er vefur fyrir fagaðila í fullorðinsfræðslu, hagsmunaaðila, símenntunarmiðstöðvar og stefnumótunaraðila í Evrópu. Þetta er vefgátt á 32 tungumálum þar sem fagfólk í fullorðinsfræðslu getur bloggað, deilt fréttum og upplýsingum, kynnt viðburði og sótt efni í gagnabanka. Meginmarkmiðið er að efla samskipti fagfólks í fullorðinsfræðslu og styrkja gæði formlegrar og óformlegrar menntunar fullorðinna. Sjá vef: EPALE | Electronic Platform for Adult Learning in Europe

Frá framkvæmdastjóra

Árið 2024 var viðburðaríkt og árangursríkt hjá Símenntun. Við fögnuðum 25 ára afmæli á árinu og þegar ég lít yfir farinn veg fyllist ég stolti og þakklæti fyrir allt það sem við höfum áorkað. En svo minnst ég þess að ég hef átt samleið með Símenntun í hartnær 20 ár og þau ár hafa öll verið lærdómsrík og góð. Um leið verð ég agndofa yfir því hvað við höfum tekist á við mörg og fjölbreytt verkefni í gegnum tíðina, af fagmennsku og eldmóð, ásamt því að að bæta þjónustu og styrkja stöðu Símenntunar.

Gildin okkar; fagmennska, framsækni og sveigjanleiki eru mikilvæg gildi sem stuðla að árangri í símenntun.

Fagmennska tryggir að þjónusta okkar sé byggð á sérfræðipækkingu og samkvæmt gæðaviðmiðum.

Framsækni segir okkur að stofnunin sé tilbúin að nýta nýja tækni, þróa nýjar námsleiðir og aðferðir eftir því sem samfélag og atvinnulíf þróast og kallar eftir.

Sveigjanleiki gerir svo stofnuninni kleift að bregðast við breyttum þörfum og aðstæðum, hvort sem það er í tengslum við námskeið, námsleiðir eða þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Gildin hjálpa til og ýta undir að Símenntun á Vesturlandi sé í stöðugri þróun og geti mætt þörfum íbúa og atvinnulífs á svæðinu. Þannig erum við, þegar þörf er á, tilbúnað grípa þá bolta sem fara í loftið. Símenntun er fyrir Vesturland og við erum til þjónustu reiðubúin.

Verkefnin sem við sinnum eru fjölbreytt og sérstaklega vil ég nefna þau sem rúmast innan



Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunar.

Fjölmenningskóla Vesturlands. Þau verkefni styðja við inngildingu og valdeflingu fólks af erlendum uppruna, vinna gegna fordómum og stuðla um leið að gagnkvæmri aðlögun. Við viljum sennilega fæst búa í samfélagi þar sem aðgreining, fordómar og mismunur ríkir, og þess vegna eru verkefni af þessu tagi sérstaklega mikilvæg samfélagslega og þeim verður að sinna áfram.

Við höfum jafnframt aukið framboð á námskeiðum og tekið þátt í að þróa nýjar námsleiðir. Þá höfum við tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem hafa opnað nýjar dyr og gefið okkur dýrmæta reynslu. Okkar hefðbundna þjónusta sem snýr að

raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf, vottuðum námsleiðum og fyrirtækjapjónustu, eflist með hverju starfsári og er ljóst að sú niðursveifla sem varð í Covid hefur heldur betur snúist við og árangurinn er vel sýnilegur.

Þessi árangur er auðvitað ekki sjálfgefinn – hann er afrakstur samstillts starfs og eljusemi frábærs starfsfólks. Ég er óendanlega þakklát fyrir það góða starfsfólk sem vinnur af alúð og fagmennsku að því að efla Símenntun á Vesturlandi. Ég vil enn fremur þakka stjórn Símenntunar fyrir traustan stuðning, og samstarfsaðilum og öllum þeim sem hafa nýtt sér þjónustu okkar fyrir traustið og samvinnuna.

Framtíðin er björt og margt skemmtilegt framundan. Við höfum lagt sterkan grunn og erum tilbúin að takast á við nýjar áskoranir og grípa þau tækifæri sem bíða okkar. Við vitum að fræðsla er lykillinn að öflugu og samheldnu samfélagi – og erum staðráðin í að halda áfram að stuðla að þekkingu, víðsýni og fjölbreytni á Vesturlandi. Ég hlakka til þeirra spennandi verkefna sem bíða okkar á komandi starfsári og ætla að enda þetta með uppáhaldstilvitnun minni:

Sá hlær mest sem lærir best - John Cleese

Guðrún Vala Elísdóttir,
framkvæmdastjóri Símenntunar.





**Símenntun
á Vesturlandi**